# Ársskýrsla

## Fangelsismálastofnunar ríkisins

## 2000

Desember 2001

# Efnisyfirlit


Bls.

**Formáli** .......... **7**

**I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS** .......... **9**

I. 1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN .......... 10
Yfirstjórn .......... 10

I. 2 FANGELSIN .......... 10
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu .......... 10
Fangelsið Litla-Hrauni .......... 11
Tilraunaverkefni .......... 12
Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni .......... 12
Fangelsið Kvíabryggju .......... 13
Fangelsið Akureyri .......... 13

I. 3. FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS .......... 13
Norræn ráðstefna .......... 14
Námsstefna .......... 14
Rannsókn á starfsviðhorfum fangavarða .......... 14

**II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR** .......... **14**

II. 3 LEYFI ÚR REFSIVIST .......... 14
II. 4 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST .......... 15
II. 5 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST .......... 16

**III. FULLNUSTA REFSIDÓMA** .......... **16**

III. 1 AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND .......... 16
III. 2 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA .......... 17
III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU .......... 22
Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1996 - 2000 .......... 27
Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1996 – 2000 .......... 28
Tafla 2.1 SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐSBUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000 29
Tafla 2.2 SKIPTING DÓMÞOLA SEM AFPLÁNA VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTA GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1997 - 2000 .......... 29
Tafla 3a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000 .......... 30

Tafla 3b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. REFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000 ..... 30
Tafla 4a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1996 – 2000 ..... 31
Tafla 4b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000 ..... 31
Tafla 5 FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDSREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1996 – 2000 ..... 32
Tafla 6a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKILORÐSBUNDINNAR FANGELSISREFSINGAR INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000 ..... 32
Tafla 6b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000 ..... 32
Tafla 7 FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1996 – 2000 ..... 33
a) Ástæða losunar ..... 33
b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður ..... 33
c) Lengd afplánunar ..... 33
d) Skipting eftir kynjum ..... 33
Tafla 8 DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1996 – 2000 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1996 - 2000 ..... 34
a) Fjöldi afplánunardaga ..... 34
b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga ..... 35
c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta ..... 35
d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag ..... 36
e) Nýting ..... 36
Tafla 9 NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1996 – 2000 ..... 36
Tafla 10 VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1996 – 2000 ..... 37
Tafla 11 SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1996 – 2000 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ..... 37
Tafla 12 SEKTARDÓMAR ÁRIN 1996 – 2000 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ..... 38
Tafla 13 ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1996 – 2000 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ..... 38

III. 4 FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM - VIÐURLAGAÁKVARÐANIR - ÁRITUÐ SEKTARBOÐ ..... 39
A. Fésektir samkvæmt dómum ..... 39
B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum ..... 39
C. Viðurlagaákvarðanir ..... 39
D. Árituð sektarboð ..... 39

**IV. ÁKÆRUFRESTANIR ..... 40**

Tafla 14 AFBROT ..... 42
Tafla 15 NÁM OG STARF ..... 42
Tafla 16 ALDUR ..... 42
Tafla 17 BÚSETA ..... 43

Tafla 18 MENNTUN ..... 43
Tafla 19 HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA ..... 43

**V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA ..... 44**

**RANNSÓKN Á SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU ..... 45**
Samfélagsþjónusta ..... 45
Rannsóknin ..... 46
Rannsóknarhópurinn ..... 46
Rof á skilyrðum samfélagsþjónustunnar ..... 47
Félagsleg staða ..... 48
Heilsufar ..... 49
Áfengis- og fíkniefnaneysla ..... 49
Niðurstöður ..... 50
Heimildir ..... 51

**FANGELSISMÁL, HORFT TIL FRAMTÍÐAR ..... 52**

**I. Inngangur ..... 52**
1.1. Mælikvarði mikilvægis? ..... 52
1.2. Skýrsla til dómsmálaráðherra ..... 53

**II. Fortíð ..... 54**
2.1. Af hvaða völdum? ..... 54
2.2. Hvað hefur breyst og hvers vegna? Hver hafa markmiðin verið? ..... 55

**III. Nútíð ..... 55**
3.1. Hvað er að gerast? ..... 55
3.2. Erum við á réttri braut? ..... 56

**IV. Framtíð ..... 57**
4.1. Hvert stefnir og hvers vegna? ..... 57
4.2. Hér á landi ..... 57
4.3. Hver eru markmið vinnuframlagsins?
Hverjum á að standa reikningsskil? ..... 58
4.4. Áhrif frá öðrum Norðurlöndum ..... 59
4.5. Norska stefnan ..... 60

**V. Skýr markmið ..... 62**
5.1. Tvíþætt hlutverk ..... 62

**VI. Breytingarferli í fangelsi ..... 63**
6.1. Tilgangur og áhrif ..... 63
6.2. Breyting bætir ..... 64
6.3. Forsendur virks tengilskerfis í fangelsi ..... 65

**VII. Niðurlag ..... 66**

**STATISTICAL INFORMATION FROM THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) REGARDING PRISON SENTENCES, FINES AND COMMUNITY SERVICE** .............. 69

Table 1.1 PENALTIES ENFORCED BY THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) 1996 – 2000 BROKEN DOWN BY TYPES OF PENALTIES ........ 70
Table 1.2 PENALTY DETERMINATIONS RECEIVED BY THE PPA FOR ENFORCEMENT, RELATING TO PERSONS BETWEEN THE AGES OF 15 – 17 YEARS AT THE TIME OF SENTENCING, CONCLUSION UNDER CCP ARTICLE, 124 OR ACCEPTED SETTLEMENT DURING THE PERIOD 1996 – 2000 ........ 71
Table 2.1 CATEGORISATION AT THE END OF EACH YEAR 1996 – 2000 OF PERSONS WHO HAVE BEEN SENTENCED UNCONDITIONALLY TO A PRISON TERM ........ 72
Table 2.2 NUMBER OF PRISONERS SERVING PRISON TERMS INSTEAD OF FINES OR ARE IN REMAND CUSTODY AT THE END OF EACH YEAR 1997 – 2000 ........ 72
Table 3a) CLASSIFICATION INTO AGE GROUPS AT THE END OF EACH YEAR 1996 – 2000 OF PRISONERS WHO COMPLETE4D A PRISON TERM OR WERE IN PRISON ........ 73
Table 3b) CLASSIFICATION AT THE END OF EACH YEAR 1996 – 2000 OF PERSONS WHO COMPLETED, FAILED OR WERE ENGAGING IN COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO UNCONDITIONAL IMPRISONMENT ........ 73
Table 4a) TYPES OF OFFENCES SERVED IN PRISON 1996 – 2000 ........ 74
Table 4b) CATEGORISATION OF OFFENCES AT THE END OF EACH YEAR 1996 – 2000 OF PERSONS WHO HAD COMPLETED, FAILED TO COMPLETE OR SERVING COMMUNITY SERVICE ........ 74
Table 5 LENGTH OF PRISON TERMS IMPOSED BY UNCONDITIONAL IMPRISONMENT OR PUNITIVE CUSTODY SENTENCES RECEIVED FOR ENFORCEMENT 1996 – 2000 ........ 75
Table 6a) NUMBER OF SENTENCED PERSONS BEGINNING COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO UNCONDITIONAL IMRISONMENT WITHIN EACH YEAR 1996 – 2000 ........ 75
Table 6b) CATEGORISATION BY GENDER OF SENTENCED PERSON BEGINNING COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1996 – 2000 ........ 76
Table 7 PRISONERS RELEASED AFTER SERVING PRISON TERMS IN 1996 – 2000 76
Table 8 NUMBER OF DAYS SERVED IN PRISON ON ACCOUNT OF SENTENCES REMAND AND ALTERNATIVE PENALTIES DURING 1996 – 2000 – UTILISATION OF PRISON PLACED DURING 1996 – 2000 ........ 77
Table 9 PRISON TERMS CANCELLED 1996 – 2000 ........ 79
Table 10 RELEASES ON PROBATION 1996 – 2000 ........ 80
Table 11 CONDITIONALLY SUSPENDED SENTENCES 1996 – 2000 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE ........ 80
Table 12 FINES IMPOSED BY JUDGMENT 1996 – 2000 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE ........ 81
Table 13 UNCONDITION IMPRISONMENT IMPOSED BY JUDGMENT 1996 – 2000 CATEGORISED BY TYPE OF OFFENCE ........ 81

# Formáli

Á árinu 2000 fækkaði föngum eins og árin þar á undan en flestir urðu þeir á árinu 1996. Þegar þetta er skrifað í júlí 2001 hefur orðið mikil breyting á og föngum fjölgað aftur. Ekki er útlit fyrir að breyting verði þar á enda hefur langtímaföngum fjölgað töluvert, einkum vegna manndrápa og fíkniefnabrota.

Í ársbyrjun 2000 tók gildi lagabreyting sem heimilar að vararefsing vegna fésekta sé afplánuð í samfélagsþjónustu að uppfylltum skilyrðum. Framkvæmd á þessu fullnustuformi hefur almennt gengið vel, en Ísland er eina landið sem kunnugt er um að gefi kost á afplánun vararefsinga með þessum hætti. Mikil aukning varð á fullnustu með samfélagsþjónustu við þessa lagabreytingu. Á árinu hafði samfélagsþjónusta verið lögbundið fullnustuform óskilorðbundinna fangelsisrefsinga í 5 ár. Af því tilefni var gerð könnun á hverjum árangri þetta fullnustuform hefur skilað og er gerð grein fyrir niðurstöðunum hér í ársskýrslunni. Eftir þessa reynslu er rétt að staldra við og huga að því hvort breyta þurfi skilyrðum þeim sem uppfylla þarf til að fá heimild til að óskilorðsbundin fangelsisrefsing verði fullnustuð í samfélagsþjónustu. Þá þarf t.d. að skoða hversu oft einstaklingi er gefinn kostur á þessu fullnustuformi og hversu langur tími þarf að líða á milli þess að hann hefur lokið eða rofið samfélagsþjónustu þar til honum er heimilað að afplána refsingu í samfélagsþjónustu aftur. Nú er mögulegt að afplána 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með samfélagsþjónustu, eða 12 mánaða vararefsingu og koma 40 samfélagsþjónustutímar í stað eins mánaðar fangelsis. Skoða þarf vandlega hvort rýmka eigi þessi tímamörk.

Að mestu var lokið við umfangsmiklar endurbætur á húsakynnum Fangelsisins Litla-Hrauni með utanhússviðgerðum á Húsi 2, þ.e. elstu byggingunni frá 1929. Ástand allra húsa er nú eins og best verður á kosið nema vinnuskála sem hýsir hellusteypu en það hús þarfnast endurnýjunar. Þá var á árinu byggð viðbygging við Fangelsið Kvíabryggju. Í byggingunni sem var tekin í notkun í ársbyrjun 2001 er vel búinn líkamsræktarsalur, viðtalsherbergi og námsaðstaða.

Á árinu var gerð tilraun í Fangelsinu Litla-Hrauni yfir sumarmánuðina með það sem kallað var tilsjónarfangavarsla. Vegna fárra fanga á árinu var unnt að loka Húsi 3 í fangelsinu yfir sumarið og skapa svigrúm fyrir þessa tilraun. Þetta vinnufyrirkomulag hefur mjög rutt sér til rúms erlendis og þá ekki síst á Norðurlöndunum. En það felst í því að hluti fangavarða hefur það sérstaka hlutverk að hafa samskipti við fanga og aðstoða þá við að finna leiðir til að leysa úr vandamálum þeirra og koma á sambandi þeirra við þá aðila sem við á hverju sinni. Fangaverðirnir gera hlutina ekki fyrir fangana heldur greiða götu þeirra, auk þess sem samskiptum aðila utan fangelsisins við fanga er komið á með milligöngu tilsjónarfangavarða. Tilraunin þótti takast vel og er vilji til að koma þessu vinnufyrirkomulagi á til frambúðar ef til þess fæst fjármagn.

Lög um fangelsi og fangavist eru að stofni til frá 1988. Ástæða er til að taka þau og reglugerðir um refsifullnustu til gagngerrar endurskoðunar, enda eru sjónarmið í refsifullnustu stöðugt að breytast og eðlilegt að kveða nánar á um refsifullnustu í lögum en nú er.

Rekstur fangelsiskerfisins gekk vel og fjárhagsstaða stofnunarinnar er góð, en blikur eru á lofti vegna fjölgunar fanga. Með fækkun fanga hefur sparast töluverður rekstrarkostnaður, en nú liggur fyrir að hann muni aukast verulega. Auk þess hefur ekki verið veitt fé til reksturs Fangavarðaskólans heldur hefur hann verið rekinn af almennu rekstrarfé. Ef ekki kemur til sérstök fjárveiting til skólans er ekki útlit fyrir að unnt verði að reka hann á næstu árum.

Á fjárlögum árins 2001 eru kr. 60 milljónir til byggingar nýs fangelsis í Reykjavík.

Er þess að vænta að nýtt móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi, sem valinn hefur verið staður við Geitháls, verði tekið í notkun á árinu 2003. Það mun leysa Hegningarhúsið við Skólavörðustíg sem byggt var 1874 af hólmi, auk þess sem það mun gjörbreyta vistun gæsluvarðhaldsfanga og spara tíma og fé vegna ferða í Fangelsið Litla-Hrauni þar sem flestir gæsluvarðhaldsfangar eru nú vistaðir.

*Guðgeir Eyjólfsson*

# I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS

Framlag í fjárlögum ársins 2000 til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsa svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma hljóðaði upp á 495,1 m.kr. eða 34,1 m.kr. hærra framlag en árið 1999 en þá var framlag í fjárlögum 461 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga áranna 1999 og 2000 (í m.kr.):

| | **1999** | **2000** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| Heildargjöld: | 516,4 | 552,2 | 35,8 |
| Sértekjur: | -55,4 | -57,1 | -1,7 |
| **Framlag:** | **461,0** | **495,1** | **34,1** |

Ástæður þessarar hækkunar framlags í fjárlögum eru, líkt og árið áður, vegna kjarasamnings- og verðlagshækkana en meðal annars fékk stofnunin 22,1 m.kr. framlag vegna aðlögunarsamnings milli stofnunarinnar og Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna fangavarða í fangelsum ríkisins.

Þegar tekið hafði verið tillit til rekstrarafgangs ársins á undan urðu endanlegar fjárheimildir Fangelsismálastofnunar á árinu 2000, 517.235 þús.kr. Greiðslustaða í árslok var aftur á móti 490.971 þús.kr. eða 26.264 þús.kr. innan heimilda. Til samanburðar var endanleg fjárheimild stofnunarinnar á árinu 1999, 483.375 þús.kr. en greiðslustaða í árslok 470.447 þús.kr. eða 12.928 þús.kr. innan heimilda. Eftirfarandi tafla sýnir mismun fjárlaga og fjárheimilda svo og greiðslustöðu í árslok fyrir árin 1999 og 2000 (í þús.kr.):

| | **1999** | **2000** |
|---|---|---|
| Framlag í fjárlögum: | 461.000 | 495.100 |
| Fjárheimildir: | 483.375 | 517.235 |
| Greiðslustaða í árslok: | 470.447 | 490.971 |
| **Mismunur fjárheimilda og greiðslustöðu:** | **12.928** | **26.264** |

Rekstrarafgangur fangelsiskerfisins á árinu 2000 skýrist einna helst af fækkun fanga. Aukning sértekna var óveruleg eða um 1,6 m.kr. milli áranna 1999 og 2000. Fangavarðaskóli ríkisins var starfræktur á árinu 2000. Haldið var eitt þriggja mánaða framhaldsnámskeið á vorönn með 15 nemendum, auk ýmissa annarra styttri námskeiða fyrir starfsmenn fangelsiskerfisins. Ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu í fjárlögum vegna starfsemi Fangavarðaskólans fremur venju eins og komið hefur áður fram í ársskýrslum stofnunarinnar. Haldið var áfram framkvæmdum og endurbótum á húsakosti fangelsanna og þá aðallega við Fangelsið Litla-Hrauni og Fangelsið Kvíabryggju. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 10 m.kr. til viðhaldsframkvæmda en einnig fékkst 8,5 m.kr. framlag frá fjárlagalið fangelsisbygginga.

## I.1. REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN

Greiðslustaða einstakra liða innan fangelsiskerfisins árin 1999 og 2000 var sem hér segir (í þús.kr.):

| Stofnun: | 1999 | 2000 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 58.755 | 71.479 | 12.724 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 105.082 | 113.689 | 8.607 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 193.856 | 216.027 | 22.171 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 37.267 | 41.365 | 4.098 |
| Fangelsið Akureyri | 15.912 | 16.554 | 642 |
| Ýmis fangamál | 6.212 | 6.906 | 694 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 6.034 | 7.754 | 1.720 |
| Viðhald | 38.965 | 12.626 | -26.339 |
| Stofnkostnaður | 8.364 | 4.571 | -3.793 |
| Samtals: | 470.447 | 490.971 | 20.524 |

***Yfirstjórn***

Útgjöld yfirstjórnar jukust um rúmar 12,7 m.kr. milli áranna 1999 og 2000. Aukin útgjöld hjá yfirstjórn skýrast í fyrsta lagi af auknum launakostnaði, meðal annars vegna fjölgunar skrifstofufólks í kjölfar ýmissa aukinna verkefna stofnunarinnar sem og afleysinga vegna starfsmanna sem voru í barnsburðarleyfi. Á árinu 2000 var tölvubúnaður Fangelsismálastofnunar endurnýjaður en þurft hefur að aðlaga tölvubúnað og kerfi stofnunarinnar að breyttu lagaumhverfi m.a. vegna fullnustu vararefsinga með samfélagsþjónustu og aðlögunar tölvukerfis að rafrænum sendingum sekta og sakarkostnaðar.

Um áramót störfuðu alls 13 starfsmenn hjá yfirstjórn Fangelsismálastofnunar

## I.2 FANGELSIN

Almennt séð gekk rekstur fangelsanna nokkuð vel á árinu 2000 eins og fyrri ár. Afplánunarföngum fækkaði nokkuð milli áranna 1999 og 2000 sem og föngum í vararefsingu fésekta en föngum í gæsluvarðhaldi fjölgaði talsvert.

***Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu***

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9 og Fangelsið Kópavogsbraut 17. Einnig heyra undir fangelsin á höfuðborgarsvæðinu flutningsdeild þar sem starfa tveir starfsmenn og skrifstofa þar sem starfar einn skrifstofumaður auk forstöðumanns sem veitir báðum fangelsunum forstöðu.

Í Hegningarhúsinu störfuðu um áramót 12 fangaverðir auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Þar eru 16 fangarými, þar af 2 fyrir gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Á árinu 2000 komu 172 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 22 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 27 vegna vararefsinga fésekta eða samtals 227 fangar. Að meðaltali voru 9 fangar vistaðir þar á dag, sem er nánast sami fjöldi og árið á undan.

Vakin er athygli á því að fangar eru oft vistaðir í Hegningarhúsinu til skemmri dvalar vegna flutnings til dómara, lækna o.s.frv.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 voru um áramót starfandi 10 fangaverðir, auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Þar eru 12 fangarými fyrir bæði kynin. Á árinu 2000 komu 37 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 8 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 10 vegna vararefsinga fésekta eða samtals 55 fangar. Að meðaltali voru 9,4 fangar vistaðir þar á dag, sem er nánast sama tala og á árinu á undan.

Föngum í Fangelsinu Kópavogsbraut hefur gefist kostur á að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Hafa þá kennarar þaðan komið í fangelsið til að kenna. Alls stunduðu 8 fangar nám á árinu 2000.

Útgjöld fangelsa á höfuðborgasvæðinu jukust um rúmar 8,6 m.kr. milli áranna 1999 og 2000. Eins og árið áður var helsta breyting útgjalda í launum en laun fangavarða hækkuðu í samræmi við gildandi aðlögunarsamning milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna fangavarða í fangelsum ríkisins. Þar var um að ræða launahækkun sem nemur í heildina að meðaltali 25% og tók hún gildi í áföngum frá 1. apríl 1998 til 1. apríl 2000. Á árinu 2000 var um að ræða að meðaltali 9% hækkun á launum fangavarða. Jafnframt höfðu afleysingar fyrir þá fangaverði er sóttu nám í Fangavarðaskólanum áhrif á launaútgjöld. Á móti lækkuðu ýmsir rekstrarliðir í samræmi við fækkun fanga.

Sértekjur fangelsa á höfuðborgarsvæði jukust lítillega milli áranna 1999 og 2000 en nokkuð stöðugt vinnuframboð hefur verið við Fangelsið Kópavogsbraut 17. Vinna fanga þar felst aðallega í ýmsum smáverkefnum fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en einnig er rekið þvottahús í fangelsinu. Á árinu 2000 var vinnuaðstaðan í fangelsinu stækkuð og þannig bætt verulega. Auk þess var aðstaða til íþrótta- og tómstundaiðkunar aukin og betrumbætt.

***Fangelsið Litla-Hrauni***

Um áramót störfuðu 53 starfsmenn við Fangelsið Litla-Hrauni. Á skrifstofu fangelsisins störfuðu auk forstöðumanns, 4 deildarstjórar og tveir skrifstofumenn. Við fangavörslu og verkstjórn voru 45 starfsmenn. Auk þess var sálfræðingur í fullu starfi við fangelsið. Þar eru 87 fangarými. Á árinu 2000 komu 85 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 64 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 10 vegna vararefsinga fésekta eða samtals 159 fangar. Að meðaltali voru 57 fangar vistaðir þar á dag, sem lítils háttar fækkun frá árinu á undan.

Útgjöld Fangelsisins Litla-Hrauni jukust um rúmar 22 m.kr. milli áranna 1999 og 2000 en milli áranna 1998 og 1999 höfðu útgjöld fangelsisins dregist saman um rúmar 6 m.kr. Helstu skýringar á breyttri greiðslustöðu fangelsisins eru aukin útgjöld vegna launa, sérstaklega vegna aðlögunarsamningsins fyrir fangaverði og afleysinga fyrir þá fangaverði frá Litla-Hrauni sem sóttu nám í Fangavarðaskólanum á vorönn 2000 en það voru 9 fangaverðir. Launaútgjöld jukust um rúmar 11 m.kr. milli áranna 1999 og 2000 en af sömu ástæðu og árið áður varð hækkunin þó hlutfallslega minni í Fangelsinu Litla-Hrauni heldur en í öðrum fangelsum. Ástæður þess eru þær að einni byggingunni, svokölluðu Húsi 3, sem í eru 22 fangapláss, var lokað frá sumarbyrjun og fram í september en slíkt hafði einnig verið gert árið áður vegna breytinga og lagfæringa á húsinu. Að þessu sinni var húsinu lokað í sparnaðarskyni þar sem fangafjöldi leyfði slíkt en með því móti var hægt að nýta starfsmenn til annarra verka auk þess sem ekki þurfti að ráða eins marga sumarafleysingamenn og venjulega.

Aðrar ástæður breyttrar greiðslustöðu eru til að mynda eignakaup í fangelsinu en á árinu 2000 var meðal annars keypt ný sendibifreið fyrir fangelsið sem aðallega er notuð til flutninga á aðföngum vegna framleiðslu fangelsisins. Einnig voru unnar ýmsar lagfæringar á húsum og lóð fangelsisins sem teljast til rekstrarútgjalda hjá fangelsinu enda um reglulegt viðhald húseigna að ræða.

Stærstu framkvæmdir við Fangelsið Litla-Hrauni á árinu 2000 voru við svokallað Hús 2 en það er elsta fangelsisbyggingin. Helstu breytingar sem gerðar voru á húsinu voru þær að skipt var um alla glugga og gler og húsið einangrað að utan með nýju múrkerfi. Árið áður hafði einnig mikið verið unnið við húsið en þá voru meðal annars hitalagnir endurnýjaðar og drenlagnir lagðar með suður- og vesturhliðum hússins. Einnig var á árinu 2000 hafist handa við endurbætur á heimsóknarálmu fangelsisins. Fólust þær endurbætur fyrst og fremst í því að allar raflagnir voru endurnýjaðar. Auk þess var skipt um allar hurðir og álman máluð. Fjöldi fanga hafði, sem fyrr, vinnu við endurbætur á húseignum fangelsisins.

Sértekjur Fangelsisins Litla-Hrauni voru nánast óbreyttar milli áranna 1999 og 2000. Vinnuframboð var nokkuð gott en talsverður samdráttur varð í framleiðslu á bílnúmeraplötum. Vinnuframboð á Litla-Hrauni er fjölbreytt en þar er, auk framleiðslu bílnúmeraplatna, unnið til dæmis við skrúfbútaframleiðslu, brettasmíði og steypuvinnu. Auk þess er reynt að útvega föngum vinnu við endurbætur og breytingar á fangelsisbyggingum.

***Tilraunaverkefni***

Í Fangelsinu Litla-Hrauni var gerð tilraun með sérstaka tilsjónarfangaverði sumarið 2000. Starfshópur var skipaður til þess að útfæra og undirbúa tilraunina í samvinnu við yfirstjórn fangelsisins. Starfað var í tveimur þriggja manna hópum á 11:00 – 23:00 vöktum, undir stjórn varðstjóra og aðstoðarvarðstjóra, þannig að tilsjónarfangaverðir voru á vakt alla daga vikunnar. Tilsjónarfangaverðir voru tengiliðir á milli fanga og annarra fangavarða og voru föngum til stuðnings og ráðgjafar varðandi refsivistina og persónuleg málefni, en að auki sinntu þeir reglubundinni fangavörslu. Sálfræðingur fangelsisins hafði eftirlit með verkefninu og var tilsjónarfangavörðunum til leiðsagnar.

Í heild gekk þetta tilraunaverkefni að óskum. Fangar virtust almennt taka tilsjónarfangavörðum vel og miklu fleiri nýttu sér samskipti við þá en búist hafði verið við. Reynslan sýndi að nauðsynlegt er að velja í tilsjónarhlutverk fangaverði sem lokið hafa námi í Fangavarðaskólanum og hafa reynslu og þjálfun í starfi.

Kostnaðarhliðin á þessu tilraunaverkefni sneri aðallega að launaútgjöldum, en fangaverðirnir sem sinntu þessu starfi fengu á tilraunatímanum greidda tvo aukalaunaflokka, á sama hátt og fangaverðir sem sinna verkstjórn með vinnu fanga.

Það virtist vera samdóma álit þeirra sem að verkefninu komu, bæði í Fangelsinu Litla-Hrauni og starfshópnum sem undirbjó það, að festa beri hlutverk tilsjónarfangavarða í sessi og miða þjálfun fangavarða í Fangavarðaskólanum og á sérstökum námskeiðum við það. Mat á því hvernig til tókst byggist því fyrst og fremst á upplýsingum frá þeim sem hlut áttu að máli, þ.e. tilsjónarfangavörðunum sjálfum, varðstjórum, aðstoðarvarðstjórum, yfirmönnum Fangelsisins Litla-Hrauni og síðast en ekki síst föngunum sjálfum. Þess má geta að neysla ólöglegra fíkniefna mældist áberandi minni á tilraunatímabilinu.

***Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni***

Skólahald var á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands og drifið áfram af röggsemi eins og hin fyrri ár. Á haustönninni innrituðust 27 nemendur í skólann en á vorönninni voru þeir 33. Verkfall framhaldsskólakennara truflaði að sjálfsögðu skólastarf á Litla Hrauni eins og í öðrum skólum og þreyttu því færri próf en ella hefði orðið. Á haustönninni tóku 13 nemendur samtals 57 próf en á vorönn tóku 11 nemendur 44 próf. Skólastarf í fangelsi er og verður erfitt m.a. vegna þess að fangar eru að koma og fara nokkuð jafnt alla mánuði ársins. Skólanum hefur þó tekist vel að aðlaga sig að þessum aðstæðum og eru nemendur gjarnan látnir þreyta prófin á óhefðbundnum próftíma.

Kennslu er sinnt af 10-11 kennurum og á árinu var kennt í 12 greinum á hvorri önn. Auk þess er stundað nám með fjarkennslusniði og er það einnig á vegum FS.

***Fangelsið Kvíabryggju***

Um áramót voru 8 starfsmenn starfandi við Fangelsið Kvíabryggju. Það voru, auk forstöðumanns, 6 fangaverðir og 1 starfsmaður í eldhúsi. Í fangelsinu eru 14 fangarými. Á árinu 2000 komu 46 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma og 3 vegna gæsluvarðhaldsvistar eða samtals 49 fangar. Að meðaltali voru 12 fangar vistaðir þar á dag, sem er sami fjöldi og árið á undan.

Útgjöld fangelsisins jukust um rúmar 4 m.kr. milli áranna 1999 og 2000 sem er svipuð aukning og árið áður. Helsta ástæðan var, eins og í öðrum fangelsum, aukin launaútgjöld vegna aðlögunarsamnings fyrir fangaverði. Talsverð eignakaup urðu í Fangelsinu Kvíabryggju á árinu 2000. Sértekjur fangelsisins jukust aftur á móti um rúmar 1,4 m.kr. en að öðru leyti voru aðrir liðir í rekstrinum tiltölulega óbreyttir. Auknar sértekjur fangelsisins hafa því vegið upp aukin útgjöld til dæmis vegna launa.

Fangelsið Kvíabryggju er opnara fangelsi en önnur. Eru fangar meðal annars valdir til afplánunar þar með tilliti til þess. Talsverð vinna fer fram á staðnum og er hún aðallega fólgin í beitningu, netavinnu, heyskap, fiskikaraviðgerðum og brettasmíði auk tilfallandi starfa á jörðinni sjálfri og við viðhald húseigna. Það skal tekið fram að eins og í ársskýrslum síðustu ára, er í umfjöllun um þau fangelsi er afla sértekna, ekki gerð sérstök grein fyrir útgjöldum vegna framleiðslunnar.

Á árinu 2000 var hafist handa við að reisa viðbyggingu við Fangelsið Kvíabryggju. Er þeirri viðbyggingu ætlað að hýsa námsaðstöðu sem og íþrótta- og tómstundaaðstöðu fyrir fanga. Auk þess er þar viðtalsherbergi fyrir sálfræðinga og fleiri.

***Fangelsið Akureyri***

Fangelsið Akureyri er starfrækt í húsnæði lögreglunnar þar og hefur svo verið frá því 1978. Fjórir fangaverðir eru starfandi við fangelsið en aðstoðaryfirlögregluþjónn sér um daglegan rekstur. Þar eru 9 fangarými. Á árinu 2000 komu 18 fangar vegna afplánunar óskilorðsbundinna refsivistardóma, 11 vegna gæsluvarðhaldsvistar og 6 vegna vararefsinga fésekta eða samtals 35 fangar. Að meðaltali voru 4,8 fangar vistaðir þar á dag, sem er lítilsháttar fjölgun frá árinu á undan.

Vinna fanga felst í því að sjá um þrif og alla þvotta og að sinna léttu viðhaldi þegar það fellur til. Þá hafa fangar stundað nám við Verkmenntaskólann á Akureyri með fjarkennslusniði.

Hjá Fangelsinu Akureyri jukust útgjöld um rúma hálfa milljón króna milli áranna 1999 og 2000. Á árinu 2000 var fangelsinu lokað í sex vikur yfir sumartímann, líkt og gert var árið á undan. Þar af leiðandi þurfti ekki að ráða sumarafleysingamenn til starfa. Einnig þurfti að draga úr innsetningu fanga í fangelsið nokkru fyrr til að unnt væri að loka því á tilsettum tíma.

## 1.3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Fangavarðaskóli ríkisins var starfræktur með formlegum hætti á árinu 2000, þannig að haldið var eitt framhaldsnámskeið á vorönn, auk ýmissa annarra sérstakra námskeiða, svo sem nýliðanámskeiðs, námskeiða í öryggismálum og skýrslugerð og námskeiða í skyndihjálp og sjálfsvörn.

Mikill fjöldi nemenda var á framhaldsnámskeiðinu að þessu sinni eða alls 15

nemendur, en þeir voru einnig á grunnnámskeiði á haustönn 1999. Komu níu nemendanna frá Fangelsinu Litla-Hrauni, tveir frá fangelsum á höfuðborgarsvæðinu, tveir frá Fangelsinu Kvíabryggju og tveir frá fangageymslu Lögreglunnar í Reykjavík. Venjulega hefur verið kennt í dómssal Hegningarhússins við Skólavörðustíg en sá salur tekur ekki fleiri en 9 nemendur með góðu móti. Því var brugðið á það ráð að leigja aðsetur fyrir skólann og varð Tölvuskóli Reykjavíkur að Borgartúni 28 fyrir valinu.

Skipting kennslutíma var með þeim hætti að mánudaga til miðvikudaga var kennt í Reykjavík en fimmtudaga og föstudaga í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka. Skóli hófst 10. janúar 2000 og voru skólaslit þann 17. mars 2000. Kennslutímar voru 320 talsins og að auki var prófað í 8 greinum í alls 20 kennslustundir. Samtals urðu tímarnir því 340 í 10 vikur. Kennarar sem skiptu með sér kennslunni voru 9 talsins.

***Norræn ráðstefna***

Í byrjun september 2000 var haldin fjögurra daga norræn ráðstefna á vegum Fangavarðaskóla ríkisins þar sem mættu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum og voru þátttakendur alls 31 talsins, að meðtöldum sjö íslenskum þátttakendum. Yfirskrift ráðstefnunnar var verkefnavinna í fangelsiskerfum og var rekstrarráðgjafi frá íslensku ráðgjafafyrirtæki fenginn til að vera leiðbeinandi. Ráðstefnur sem þessar eru haldnar annað hvert ár á vegum fangavarðaskóla Norðurlandanna fyrir yfirmenn í fangelsiskerfum landanna. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin á Hótel Kea, Akureyri og tókst afar vel. Unnið var í hópvinnu að fimm mismunandi verkefnum frá öllum Norðurlöndunum.

***Námsstefna***

Í nóvember 2000 bauð Fangelsismálastofnun starfsmönnum stofnunarinnar og fangelsanna, að frumkvæði Fangavarðaskólans, til tveggja daga námsstefnu sem haldin var í Hótel Borgarnesi. Á námsstefnunni var meðal annars haldið ítarlegt erindi um hlutverk fangavarða og unnið í fimm hópum að mismunandi verkefnum tengdum fangelsismálum. Að flestra mati tókst námsstefnan afar vel og er stefnt að því að slíkir fundir þar sem starfsmenn fangelsiskerfisins koma saman og skiptast á skoðunum, verði árlegir.

***Rannsókn á starfsviðhorfum fangavarða***

Á seinni hluta ársins 2000 var hafist handa við rannsókn á starfsviðhorfum fangavarða, líðan þeirra í starfi, persónuleikaeinkennum og reiðiviðbrögðum. Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur. Í fyrsta lagi að kanna viðhorf fangavarða til starfs síns, starfsumhverfis og fanga og í öðru lagi að rannsaka nokkur persónuleikaeinkenni og reiðiviðbrögð fangavarða. Fangavarðafélagið studdi rannsóknina og Tölvunefnd veitti leyfi til hennar.

# II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

## II. 3. LEYFI ÚR REFSIVIST

Á árinu var 28 föngum veitt samtals 61 dagsleyfi án fylgdar og er það nánast sami fjöldi og á síðasta ári. Þar sem langtímaföngum fer nú fjölgandi er reiknað með því að slíkum leyfum muni fjölga á næstu árum. Leyfi þessi eru 14 klst. frá kl. 08.00-22.00 og eru háð ströngum skilyrðum. Dagsleyfin eru eitt af þeim úrræðum sem fangelsisyfirvöld nota til þess að undirbúa langtímafanga fyrir komu út í hið frjálsa samfélag á ný.

Samkvæmt reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 er heimilt að veita fanga slíkt leyfi þegar hann hefur afplánað 1/3 hluta refsitímans, þó ekki skemur en eitt ár. Fangar sem afplána styttri tíma fá því engin dagsleyfi. Hegðun fanga verður að hafa verið góð í fangelsinu til þess að slíkt leyfi sé veitt. Fangar sem uppfylla skilyrði fá dagsleyfi á tveggja mánaða fresti fyrsta árið sem leyfi er veitt en einu sinni í mánuði eftir það. Lítið er um að fangar misnoti leyfi og er engin misnotkun fanga á dagsleyfi skráð á árinu.

## II. 4. ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í REFSIVIST

Á árinu var 15 föngum gefinn kostur á að ljúka afplánun í meðferð á sjúkrastofnunum SÁÁ. Flestir þeirra voru vistaðir í hefðbundinni meðferð síðustu sex vikur afplánunartímans en einn var þó í langtímameðferð í um sjö mánuði. Tólf þessara fanga luku meðferð en þrír voru vistaðir aftur í fangelsi, tveir vegna agabrota en einn að eigin ósk. Algengt er að SÁÁ taki við öðrum skjólstæðingum Fangelsismálastofnunar en afplánunarföngum.

Samtals hafa 218 fangar farið til meðferðar hjá SÁÁ og hefur 161 eða 74% lokið meðferð en 57 eða 26% verið vistaðir aftur í fangelsi. Súluritið sýnir vistun afplánunarfanga hjá SÁÁ frá upphafi og má fullyrða að starfsemi þessi sé þýðingarmikið úrræði í endurhæfingu fanga þar sem margir eiga við slík vandamál að glíma. Aðrar endurhæfingastofnanir og heimili hafa einnig tekið við einstaklingum sem óskað hafa eftir meðferð en oftast er þá afplánuninni sjálfri lokið.

Þá hafa AA samtökin um margra ára skeið skipulagt reglulega fundi í fangelsunum og koma AA menn úr næsta nágrenni þeirra og funda með föngum. Súluritið hér á eftir sýnir fjölda vistaðra hjá SÁÁ árin 1990 – 2000.

**Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefnameðferð í refsivist árin 1990 – 2000**



## II. 5. STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR REFSIVIST

Tíðindalítið var á þessu sviði á árinu, þó strauk einn fangi úr Fangelsinu Akureyri. Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1986.

**Strok og stroktilraunir úr refsivist árin 1986 – 2000**




# III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

## III. 1. AFPLÁNUN REFSIVISTAR HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND

Samstarf Fangelsismálastofnunar og Félagasamtakanna Verndar hefur verið á traustum grunni á árinu. Aðallega er það vegna reksturs samtakanna á áfangaheimili en einnig sinna félagasamtökin félagslegri þjónustu við fanga og heimsækja fangelsin reglulega.

Á árinu voru 37 fangar vistaðir á áfangaheimili Verndar í Reykjavík til að stunda þaðan vinnu eða nám síðustu mánuði afplánunartímans. Fjórir þessara fanga voru vistaðir aftur í fangelsi vegna agabrota og í öllum tilvikum kom áfengi eða aðrir vímugjafar við sögu. Hins vegar stóðust 33 dómþolar öll sett skilyrði fyrir dvölinni. Ströng skilyrði eru sett fyrir slíkri vistun og á árinu var eftirlit með vistmönnum breytt og það aukið verulega frá því sem áður var.

Þeir sem vistaðir eru á áfangaheimilinu greiða sjálfir fyrir fæði og húsnæði á staðnum enda eru þeir flestir í fullri vinnu. Þeir greiða einnig skatta og önnur gjöld eins og hver annar þjóðfélagsþegn.

Samtals hefur 260 föngum verið gefinn kostur á vistun hjá Vernd frá árinu 1995 og hefur 221 þeirra, eða 85% staðist sett skilyrði en 39, eða 15% rofið skilyrði og verið vistaðir aftur í fangelsi.

Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1995.

**Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995 – 2000**




## III. 2. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Þann 1. janúar 2000 öðluðust gildi lög nr. 22/1999 um breyting á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 með síðari breytingum en með þeim var komið á þeirri nýbreytni að heimila manni, sem fésekt innheimtist ekki hjá og lögreglustjóri hefur ákveðið að skuli afplána vararefsingu hennar, að afplána vararefsingu fésektar með samfélagsþjónustu, að uppfylltum vissum skilyrðum.

Á árinu 2000 fjölgaði því umsóknum um samfélagsþjónustu verulega og urðu þær samtals 218, 119 umsóknir í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, sem er töluverð fjölgun frá árinu 1999 og 99 umsóknir vegna vararefsinga.

Samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar refsingar kemur einungis til greina þegar óskilorðsbundin fangelsisrefsing er 6 mánuðir eða styttri. Eins og sjá má af töflu 5 bárust stofnuninni fleiri dómar með þannig refsingu á árinu 2000 eða 250 í stað 196 dóma árið 1999.

Samfélagsþjónusta í stað vararefsinga fésekta kemur einungis til greina þegar vararefsing, í einni eða fleiri refsiákvörðun, er 1 ár eða styttri. Sama gildir ef um er að ræða samanlagða fangelsisrefsingu og vararefsingu.

Súlurit 1 sýnir fjölda umsókna um samfélagsþjónustu frá upphafi.

**Súlurit 1**
**Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995–2000**




Súlurit 2a sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 507 umsóknir borist Fangelsismálastofnun frá árinu 1995. Samþykktar hafa verið 349 umsóknir eða 69% en 31% hefur verið synjað eða umsóknir dregnar til baka.

Súlurit 2b sýnir afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga á árinu 2000. Tæplega 63% umsækjenda var heimilað að afplána vararefsingu með samfélagsþjónustu.

**Súlurit 2a**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 – 2000**



**Súlurit 2b**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar á árinu 2000**




Af súluritum 3a og 3b má sjá ástæður fyrir því að samfélagsþjónustuumsóknum er hafnað.

**Súlurit 3a**
**Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995 - 2000**



**Súlurit 3b**
**Ástæður synjana á umsóknum um samfélags- þjónustu í stað vararefsinga á árinu 2000**




Súlurit 4 sýnir fjölda þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta innan hvers árs, alls 390, þar af 338 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Þá sýnir súluritið fjölda þeirra dómþola sem veitt var samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar sem hafði áður afplánað þannig refsingu í fangelsi.

**Súlurit 4**
**Fjöldi þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta innan hvers árs og af fjölda þeirra, sem veitt var samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hafði áður afplánað í fangelsi árin 1995 - 2000**



Af súluriti 5 sést hvernig samfélagsþjónustu lýkur innan hvers árs, þ.e.a.s. hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa. Að meðaltali rjúfa 12% dómþola og afplána þeir eftirstöðvar refsingar í fangelsi, en 88% ljúka samfélagsþjónustu.

**Súlurit 5**
**Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði samfélagsþjónustu innan hvers árs**




Að lokum sést af súluriti 6 að óskilorðsbundnum refsivistardögum sem eru afplánaðir í samfélagsþjónustu innan hvers árs hefur nú fjölgað verulega frá árinu 1999.

**Súlurit 6**
**Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardaga sem afplánaður er með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1996 - 2000**



## III. 3. TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 2000 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.352 dómar. Frá ríkissaksóknara bárust 1.292 dómar og 53 frá Hæstarétti Íslands. Þá sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið til fullnustu 6 norræna refsivistardóma og 1 einkarefsimál barst stofnuninni.

Þá bárust stofnuninni 512 viðurlagaákvarðanair og 4760 árituð sektarboð.

Tafla 1.1. sýnir að óskilorðsbundnum dómum fjölgar frá árinu á undan, enda var fjöldi þeirra þá í lágmarki. Heildarfjöldi slíkra dóma var 313 á árinu 2000, sem er mjög svipaður fjöldi og á árunum 1997 og 1998 (sjá einnig töflu 5). Fjöldi skilorðsbundinna dóma hækkar heldur frá árinu á undan en fjöldi sektardóma hefur verið svipaður síðustu 3 árin.

Á árinu bárust 12 dómar þar sem frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

**Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989 – 2000**




Tafla 2.1 sýnir litlar breytingar frá fyrra ári. Heldur fleiri eru þó í boðun vegna þess að margir dómar komu til fullnustu í lok árs 2000. Eins og fram kemur af töflu 8e var nægt rými í fangelsum landsins á árinu. Tuttugu og tveir dómþolar, sem dæmdir höfðu verið til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar voru í samfélagsþjónustu um áramótin 1999-2000. Þar að auki voru 30 dómþolar að afplána vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu eins og sést af töflu 2.2. Alls voru því 52 aðilar að afplána refsingar sínar með samfélagsþjónustu um þessi áramót. Sérstaklega er fjallað um samfélagsþjónustu í kaflanum III.2 hér að framan.

Tafla 2.2. sýnir einnig að um síðustu áramót voru 19 fangar í gæsluvarðhaldi en það er fjölgun frá árinu á undan.

Tafla 3a sýnir að sú stefna fangelsisyfirvalda að finna önnur úrræði en fangelsi fyrir allra yngstu dómþolana hefur skilað árangri. Einungis einn fangi var í fangelsi á aldrinum

16-17 ára á árinu 2000. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1995 voru þeir 8. Hins vegar hefur föngum í aldurshópnum 18-20 ára fjölgað frá síðasta ári og er nú svipaður og árin 1997 og 1998. Heldur hefur fækkað í elstu aldurshópunum.

Tafla 3b sýnir að samfélagsþjónar hafa aldrei verið fleiri og hefur þeim fjölgað í öllum aldurshópum.

**Fjöldi útlendinga sem lauk afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða voru í afplánun um áramótin árin 1996 – 2000**




Tafla 4a sýnir fjölda fanga sem luku afplánun á árunum 1996-2000 eða voru í afplánun um hver áramót eftir afbrotum. Þær breytingar eru helstar á milli áranna 1999 og 2000 að kynferðisbrotamönnum hefur fækkað verulega í fangahópnum eða um helming. Þá hefur föngum dæmdum fyrir umferðarlagabrot fjölgað aftur eftir fækkun á síðustu árum. Það skal tekið fram að slíkar breytingar í fangahópnum ber ekki að túlka þannig að ákveðnum brotum sé að fjölga eða fækka almennt í þjóðfélaginu. Áhersla lögreglu á að upplýsa ákveðin brot hefur sjálfsagt mun meira að segja. Heildarfjöldi fanga hefur hins vegar aldrei verið lægri á viðmiðunartímabilinu. Fjöldi útlendinga sem ljúka afplánun eða eru í afplánun um áramót er ekki verulegur.

Tafla 4b sýnir tilefni dóma þeirra sem heimilað hefur verið að stunda samfélagsþjónustu í stað þess að afplána refsingu í fangelsi. Um 70% þeirra eru dæmdir fyrir umferðarlagabrot. Vakin skal athygli á því að í þeim tilvikum, sem dómþolum er veitt samfélagsþjónusta þegar um er að ræða ofbeldisbrot eða fíkniefnabrot, er ekki um stórfelld brot að ræða. Dómþolar sem hlotið hafa þyngri refsingu en 6 mánaða fangelsi eiga ekki möguleika á samfélagsþjónustu sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988.

Af töflu 5 og súluritinu hér að framan má sjá að dæmdur heildarrefsitími hækkar nú aftur og er svipaður og árið 1997. Aðalorsök er sú að þyngstu refsingunum hefur fjölgað. Að öllum líkindum mun refsingum, sem eru þyngri en 3 ár, fjölga enn meira á árinu 2001 m.a. vegna fjölda stórfelldra fíkniefnamála sem upp hafa komið á árunum 2000 og 2001. Þetta þýðir að öllu jöfnu að föngum ætti að fjölga í fangelsunum á komandi misserum.

**Fjöldi óskilorðsbundinna refsivistardóma,
sem barst til fullnustu árin 1989 – 2000**




**Heildarrefsitími óskilorðsbundinna refsivistardóma (í árum talið)
sem barst til fullnustu árin 1989 – 2000**




Tafla 6 sýnir fjölda dómþola sem hófu samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar 1996 – 2000. Alls var 132 dómþolum, þar af 52 í stað vararefsingar, gefinn kostur á að afplána refsivist með samfélagsþjónustu á árinu 2000 en frá 1. janúar 2000 var heimilt að fullnusta vararefsingu fésekta með samfélagsþjónustu frá 20 - 480 klst.

**Fjöldi þeirra sem hefja afplánun óskb. refsingar eða vararefsingar í fangelsi, eru úrskurðaðir í gæsluvarðhald, hefja samfélagsþjónustu í stað óskb. refsingar og vararefsingar innan hvers árs 1995 – 2000**




Tafla 7 sýnir eingöngu þá fanga sem lokið hafa afplánun á hverju ári, en eins og sjá má eru þeir talsvert færri árið 2000 en árin á undan. Tæp 40% ljúka afplánun að fullu, en um 60% er veitt reynslulausn. Tæpur helmingur þeirra sem losna á síðustu árum hefur ekki afplánað áður, stór hluti afplánar styttri tíma en eitt ár og karlar eru um og yfir 95% fanga.

Töflur 8a-e sýna athyglisverða þróun í fangafjölda á milli ára. Í fyrsta lagi hefur heildarfjöldi afplánunardaga aldrei verið lægri frá því að Fangelsismálastofnun tók til starfa

**Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989 – 2000**



**Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á dag árin 1989 – 2000**




árið 1989. Meðaltalsfjöldi allra fanga í fangelsum á dag árið 2000 voru 92,3 fangar, en árið 1996 voru þeir 124,6. Sjá töflu 8d). Ef hins vegar er litið eingöngu á gæsluvarðhaldsfanga þá hefur þeim fjölgað um nær helming á milli áranna 1999 og 2000. Sjá töflu 8b). Orsök þessa er væntanlega sú að mörg alvarleg brotamál komu upp á árinu 2000 og voru gæsluvarðhaldsfangar að jafnaði um 19 á dag, en árin á undan voru þeir á bilinu 6-12. Ljóst er að afplánunarföngum mun af þessum sökum fjölga nokkuð á komandi árum. Meðaltalsfjöldi allra fanga í íslenskum fangelsum á hverja 100.000 íbúa landsins var 32,6 fangar á árinu 2000. Sjá töflu 8d). Til samanburðar má geta þess að fangafjöldi á hinum Norðurlöndunum er á bilinu 55-65 fangar á hverja 100.000 íbúa. Erfitt er að skýra þennan mun í stuttu máli, en líklegt er þó að meiri notkun annarra refsiúrræða en fangelsunar hér á landi skipti mestu máli í þessu sambandi. Nýting fangelsanna var svipuð og árið á undan.

Tafla 9 sýnir að niðurfallin refsivist árið 2000 er nokkru minni en árið á undan. Bæði er að færri reynslulausir hafa verið veittar á síðustu árum og færri dæmdar upp aftur. Einungis hafa verið dæmdar upp eftirstöðvar 22 reynslulausna á árinu 2000. Þetta er mun minna en síðustu ár, en á þó sennilega eftir að fjölga eitthvað.

Tafla 10 sýnir að nokkru færri reynslulausnir voru veittar árið 2000 en árin á undan. Aðalorsök þess að reynslulausnum fækkar á síðustu árum er sú að fleiri og fleiri dómþolar afplána nú dæmda refsingu að fullu með samfélagsþjónustu.

Töflur 11 og 12 sýna annars vegar heildarfjölda skilorðsbundinna dóma og hins vegar sektardóma eftir brotum. Sáralitlar breytingar hafa hér orðið á á milli ára.

Tafla 13 sýnir heildarfjölda óskilorðsbundinna dóma eftir brotum.

**Tafla 1.1**

## TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1996 – 2000

| | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist | 287 | 255 | 260 | 216 | 254 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt | 6 | 7 | 2 | 10 | 18 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 65 | 37 | 43 | 28 | 39 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 2 | 2 | 0 | 4 | 2 |
| Skilorðsbundin refsivist | 263 | 289 | 359 | 290 | 334 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 69 | 69 | 61 | 84 | 69 |
| Skilorðsbundin sekt | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 34 | 35 | 61 | 50 | 44 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt | 0 | 3 | 1 | 1 | 0 |
| Sekt | 483 | 441 | 627 | 617 | 639 |
| Samtals dómþolar: | 1209 | 1138 | 1417 | 1301 | 1399 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. viðurlagaákvörðun | 502 | 408 | 568 | 479 | 525 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. árituðu sektarboði | | | 1753 | 5100 | 4760 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum árin 1996 – 2000

| | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 0 | 1 | 5 | 4 | 1 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 1 | 0 | 18 | 10 | 8 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 |
| Samtals dómþolar: | 1 | 3 | 26 | 15 | 12 |

**Tafla 1.2**

## TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15 – 17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1996 – 2000

| | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist | 2 | 1 | 5 | 0 | 1 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 2 | 2 | 4 | 1 | 1 |
| Skilorðsbundin refsivist | 23 | 47 | 57 | 31 | 42 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 12 | 14 | 18 | 4 | 17 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 5 | 11 | 29 | 12 | 11 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Sekt | 11 | 19 | 20 | 17 | 19 |
| Samtals dómþolar: | 55 | 95 | 134 | 66 | 91 |
| Sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðun | 22 | 18 | 23 | 25 | 23 |
| Sektarrefsing samkvæmt árituðu sektarboði | | | 60 | 117 | 124 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp v/skilorðsrofs | 12 | 25 | 26 | 13 | 9 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp án skilorðsrofs | 1 | 5 | 9 | 4 | 2 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum og dómþolar eru á aldrinum 15 – 17 ára við uppkvaðningu dóma árin 1996 – 2000

| | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist + skilorðsbundin refsivist | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 0 | 0 | 7 | 2 | 1 |
| Skilorðsbundin refsivist + sekt | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 |
| Samtals dómþolar: | 0 | 1 | 8 | 4 | 2 |

**Tafla 2.1**

## SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐS-BUNDNA REFSIVIST, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Í afplánun . . . . . . . . . | 100 | 24,8 | 88 | 27,3 | 94 | 33,3 | 78 | 29,4 | 82 | 29,6 |
| Í boðun . . . . . . . . . . . | 67 | 16,6 | 55 | 17,0 | 33 | 11,7 | 49 | 18,5 | 59 | 21,3 |
| Í samfélagsþjónustu . | 6 | 1,5 | 7 | 2,2 | 20 | 7,1 | 19 | 7,2 | 22 | 7,9 |
| Á reynslulausn . . . . . | 211 | 52,4 | 164 | 50,9 | 128 | 45,4 | 114 | 43,0 | 112 | 40,4 |
| Með náðun . . . . . . . . | 10 | 2,5 | 8 | 2,5 | 2 | 0,7 | 3 | 1,1 | 2 | 0,8 |
| Annað* . . . . . . . . . . . . | 9 | 2,2 | 0 | 0,0 | 5 | 1,8 | 2 | 0,8 | 0 | 0,0 |
| | 403 | 100,3 | 322 | 100,0 | 282 | 100,0 | 265 | 100,0 | 277 | 100,0 |

* Oftast er um fullnustu erlendis að ræða.

**Tafla 2.2**

## SKIPTING DÓMÞOLA SEM AFPLÁNA VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTA GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1997 – 2000

| | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Í samfélagsþjónustu í stað vararefsingar . . . . . . . | - | - | - | 30 |
| Í vararefsingu fésekta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 7 | 2 | 4 | 4 |
| Með náðun á sektarrefsingar . . . . . . . . . . . . . . . . . | - | - | - | 5 |
| Í gæsluvarðhaldi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 19 | 6 | 16 | 19 |

**Tafla 3**

## a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 16-17 ára . . . . . . . . . . . | 5 | 1,2 | 2 | 0,6 | 3 | 1,1 | 2 | 0,9 | 1 | 0,5 |
| 18-20 ára . . . . . . . . . . . | 36 | 8,6 | 21 | 6,8 | 20 | 7,5 | 13 | 5,6 | 20 | 9,1 |
| 21–25 ára . . . . . . . . . . | 89 | 21,3 | 84 | 27,0 | 59 | 22,0 | 43 | 18,4 | 45 | 20,5 |
| 26–30 ára . . . . . . . . . . | 70 | 16,8 | 57 | 18,3 | 47 | 17,5 | 42 | 17,9 | 44 | 20,1 |
| 31–35 ára . . . . . . . . . . | 68 | 16,3 | 52 | 16,7 | 45 | 16,8 | 42 | 17,9 | 25 | 11,4 |
| 36–40 ára . . . . . . . . . . | 64 | 15,3 | 38 | 12,2 | 33 | 12,3 | 38 | 16,2 | 36 | 16,4 |
| 41–50 ára . . . . . . . . . . | 54 | 13,0 | 35 | 11,3 | 41 | 15,3 | 42 | 17,9 | 37 | 16,9 |
| 51– . . . . . . . . . . . . . . . . | 31 | 7,4 | 22 | 7,1 | 20 | 7,5 | 12 | 5,1 | 11 | 5,0 |
| | 417 | 100,0 | 311 | 100,0 | 268 | 100,0 | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 32,78 | | 31,89 | | 32,89 | | 33,26 | | 32,58 | |

## b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. REFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 18-20 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0 | 0,0 | 1 | 1,8 | 6 | 6,6 | 3 | 3,8 | 4 | 4,0 |
| 21–25 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 10 | 17,2 | 13 | 23,6 | 22 | 24,2 | 25 | 31,6 | 25 | 25,3 |
| 26–30 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 17 | 29,3 | 10 | 18,2 | 16 | 17,6 | 17 | 21,5 | 22 | 22,2 |
| 31–35 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 9 | 15,5 | 7 | 12,7 | 14 | 15,4 | 9 | 11,4 | 11 | 11,1 |
| 36–40 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 7 | 12,1 | 6 | 10,9 | 9 | 9,9 | 5 | 6,3 | 10 | 10,1 |
| 41–50 ára . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 6 | 10,3 | 14 | 25,5 | 17 | 18,7 | 16 | 20,3 | 19 | 19,2 |
| 51– . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 9 | 15,5 | 4 | 7,3 | 7 | 7,7 | 4 | 5,1 | 8 | 8,1 |
| | 58 | 100,0 | 55 | 100,0 | 91 | 100,0 | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 34,79 | | 34,74 | | 32,56 | | 31,93 | | 33,46 | |

**Tafla 4**

## a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Manndráp/tilraun til manndráps | 6 | 1,4 | 7 | 2,3 | 10 | 3,7 | 10 | 4,3 | 13 | 5,9 |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 200 | 48,0 | 136 | 43,7 | 102 | 38,1 | 93 | 39,7 | 76 | 34,7 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 69 | 16,5 | 38 | 12,2 | 37 | 13,8 | 30 | 12,8 | 43 | 19,6 |
| Fíkniefnabrot | 54 | 13,0 | 57 | 18,3 | 54 | 20,1 | 55 | 23,5 | 55 | 25,1 |
| Kynferðisbrot | 34 | 8,2 | 26 | 8,4 | 28 | 10,4 | 22 | 9,4 | 10 | 4,6 |
| Ofbeldisbrot | 27 | 6,5 | 33 | 10,6 | 27 | 10,1 | 19 | 8,1 | 15 | 6,8 |
| Brenna | 1 | 0,2 | 1 | 0,3 | 1 | 0,4 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 26 | 6,2 | 13 | 4,2 | 9 | 3,4 | 5 | 2,1 | 7 | 3,2 |
| | 417 | 100,0 | 311 | 100,0 | 268 | 100,0 | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 |

## b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 1 | 1,7 | 3 | 5,5 | 16 | 17,6 | 11 | 13,9 | 9 | 9,1 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 55 | 94,9 | 49 | 89,1 | 61 | 67,0 | 57 | 72,2 | 70 | 70,7 |
| Fíkniefnabrot | 0 | 0,0 | 1 | 1,8 | 5 | 5,5 | 6 | 7,6 | 6 | 6,1 |
| Kynferðisbrot | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldisbrot | 0 | 0,0 | 1 | 1,8 | 5 | 5,5 | 4 | 5,1 | 10 | 10,1 |
| Annað | 2 | 3,4 | 1 | 1,8 | 3 | 3,3 | 1 | 1,3 | 4 | 4,0 |
| | 58 | 100,0 | 55 | 100,0 | 91 | 100,0 | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 |

## Tafla 5

### FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSIS- OG VARÐHALDS-REFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1996 – 2000*

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 30 dagar og styttra ............ | 74 | 20,6 | 73 | 24,3 | 68 | 22,3 | 53 | 20,5 | 77 | 24,6 |
| Yfir 30 dagar t.o.m. 3 mánuðir . | 132 | 36,7 | 93 | 30,9 | 121 | 39,7 | 105 | 40,7 | 127 | 40,6 |
| Yfir 3 mán. t.o.m. 6 mánuðir .. | 67 | 18,6 | 45 | 15,0 | 43 | 14,1 | 38 | 14,7 | 46 | 14,7 |
| Yfir 6 mán. t.o.m. 12 mánuðir . | 43 | 11,9 | 49 | 16,3 | 37 | 12,1 | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 |
| Yfir 12 mán. t.o.m. 36 mánuðir . | 40 | 11,1 | 29 | 9,6 | 26 | 8,5 | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 |
| Yfir 36 mánuðir ............... | 4 | 1,1 | 12 | 4,0 | 10 | 3,3 | 6 | 2,3 | 13 | 4,2 |
| Fjöldi refsinga: ................ | 360 | | 301 | | 305 | | 258 | | 313 | |
| Heildarrefsitími: ............... | 189 ár og 8 mán. | | 208 ár og 1 mán. | | 191 ár og 7 mán. | | 142 ár og 1 mán. | | 202 ár | |

* Varðhaldsrefsingar voru felldar úr gildi með lögum nr. 82 frá 16. júní 1998

## Tafla 6

### a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓF SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKILORÐSBUNDINNAR FANGELSISREFSINGAR INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Veitt samfélagsþjónusta .................................. | 45 | 49 | 84 | 60 | 80 |
| Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu. ....... | 1.950 | 2.310 | 4.710 | 3.645 | 4.747 |
| Meðaltal ............................................... | 43,3 | 47,1 | 56,1 | 60,8 | 59,3 |

### b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar ......................... | 43 | 96,0 | 46 | 95,1 | 73 | 86,9 | 53 | 88,3 | 74 | 92,5 |
| Konur ......................... | 2 | 4,0 | 3 | 4,9 | 11 | 13,1 | 7 | 11,7 | 6 | 7,5 |
| | 45 | 100,0 | 49 | 100,0 | 84 | 100,0 | 60 | 100,0 | 80 | 100,0 |

## Tafla 7

# FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1996 – 2000

**a) Ástæða losunar**

| | 1996: | | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Afplánað að fullu | 153 | 48,3 | 87 | 39,0 | 71 | 40,8 | 54 | 34,6 | 54 | 39,1 |
| Veitt reynslulausn | 162 | 51,1 | 134 | 60,1 | 99 | 56,9 | 98 | 62,8 | 83 | 60,1 |
| Veitt náðun | 1 | 0,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Frestun á afplánun | 1 | 0,3 | 1 | 0,4 | 0 | 0,0 | 2 | 1,3 | 1 | 0,7 |
| Andlát | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 3 | 1,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fullnusta flutt erlendis | 0 | 0,0 | 1 | 0,4 | 1 | 0,6 | 2 | 1,3 | 0 | 0,0 |
| | 317 | 100,0 | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 |

**b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður**

| | 1996: | | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Fyrsta afplánun | 196 | 61,8 | 105 | 47,1 | 84 | 48,3 | 75 | 48,1 | 63 | 45,7 |
| Afplánað áður | 121* | 38,2 | 118* | 52,9 | 90* | 51,7 | 81* | 51,9 | 75 | 54,3 |
| | 317 | 100,0 | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 |

* Viðmiðunartími nær aðeins til ársins 1989

**c) Lengd afplánunar**

| | 1996: | | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Eitt ár eða skemur | 286 | 90,2 | 189 | 84,8 | 154 | 88,5 | 128 | 82,1 | 118 | 85,5 |
| Lengur en eitt ár | 31 | 9,8 | 34 | 15,2 | 20 | 11,5 | 28 | 17,9 | 20 | 14,5 |
| | 317 | 100,0 | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 |

**d) Skipting eftir kynjum**

| | 1996: | | 1997: | | 1998: | | 1999: | | 2000: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar | 300 | 94,6 | 213 | 95,5 | 160 | 92,0 | 150 | 96,2 | 132 | 95,7 |
| Konur | 17 | 5,4 | 10 | 4,5 | 14 | 8,0 | 6 | 3,8 | 6 | 4,3 |
| | 317 | 100,0 | 223 | 100,0 | 174 | 100,0 | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 |

**Tafla 8**

# DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1996 – 2000 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1996 – 2000

| **a) Fjöldi afplánunardaga** | *1996: Fjöldi í dögum* | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 5210 | 2791 | 2993 | 2780 | 2325 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 25675 | 23048 | 20333 | 18376 | 15767 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 5058 | 4867 | 4546 | 4239 | 4258 |
| Fangelsið Akureyri | 3315 | 1442 | 2030 | 1188 | 1415 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 3937 | 2984 | 3326 | 2409 | 2210 |
| Barnaverndarstofa | 0 | 3 | 0 | 199 | 146 |
| Áfengis- og fíkniefnameðferð | 1249 | 1156 | 527 | 737 | 618 |
| Vernd | 3467 | 2858 | 2474 | 2468 | 2636 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 342 | 212 | 522 | 783 | 1294 |
| Heildarfjöldi afplánunardaga | 48253 | 39358 | 36751 | 33179 | 30669 |

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á dag í öllum fangelsum | 118,0 | 96,3 | 91,0 | 79,4 | 71,0 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 43,7 | 35,4 | 33,1 | 28,5 | 25,1 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,4 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í meðferð á dag | 3,4 | 3,2 | 1,4 | 2,0 | 1,7 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Vernd á dag | 9,5 | 7,8 | 6,8 | 6,8 | 7,2 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag | 0,9 | 0,6 | 1,4 | 2,1 | 3,5 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga samtals á dag | 131,8 | 107,8 | 100,7 | 90,9 | 83,8 |
| Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 48,9 | 39,6 | 36,6 | 32,6 | 29,6 |

**b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga**

| | *1996: Fjöldi í dögum* | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 1319 | 1143 | 414 | 404 | 657 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 811 | 2674 | 3150 | 2781 | 4869 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 0 | 0 | 0 | 0 | 174 |
| Fangelsið Akureyri | 60 | 176 | 2 | 57 | 207 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 99 | 555 | 132 | 428 | 981 |
| Barnaverndarstofa | 0 | 0 | 0 | 0 | 142 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 45 | 94 | 5 | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi gæsluvarðhaldsdaga | 2334 | 4642 | 3703 | 3670 | 7030 |

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á dag í öllum fangelsum | 6,3 | 12,5 | 10,1 | 10,1 | 18,8 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í öllum fang. á dag á hverja 100.000 íbúa | 2,4 | 4,6 | 3,7 | 3,6 | 6,7 |
| Meðaltalsfjöldi fanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,4 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag | 0,1 | 0,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga samtals á dag | 6,4 | 12,7 | 10,1 | 10,1 | 19,2 |
| Meðaltalsfjöldi allra gæsluvarðhaldsfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 2,4 | 4,7 | 3,7 | 3,6 | 6,8 |

**c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta**

| | *1996: Fjöldi í dögum* | *1997: Fjöldi í dögum* | *1998: Fjöldi í dögum* | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 40 | 283 | 875 | 611 | 332 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 0 | 424 | 1507 | 73 | 190 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 0 | 0 | 0 | 147 | 0 |
| Fangelsið Akureyri | 48 | 153 | 453 | 187 | 138 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 31 | 317 | 342 | 654 | 262 |
| Vernd | 0 | 0 | 116 | 100 | 229 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 0 | 0 | 12 | 1 | 0 |
| Heildarfjöldi vararefsingardaga | 119 | 1177 | 3305 | 1773 | 1151 |

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag í öllum fangelsum | 0,3 | 3,2 | 8,7 | 4,6 | 2,5 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 0,1 | 1,2 | 3,2 | 1,6 | 0,9 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag hjá Vernd | 0,0 | 0,0 | 0,3 | 0,3 | 0,6 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, samtals á dag | 0,3 | 3,2 | 9,1 | 4,9 | 3,1 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag á hverja 100.000 íbúa | 0,1 | 1,2 | 3,3 | 1,7 | 1,1 |

**d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag**

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Í öllum fangelsum | 124,6 | 111,9 | 109,9 | 94,1 | 92,3 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga í öllum fangelsum á hverja 100.000 íbúa | 46,2 | 41,1 | 39,9 | 33,8 | 32,6 |
| Á Barnaverndarstofu | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,5 | 0,8 |
| Í meðferð | 3,4 | 3,2 | 1,4 | 2,1 | 1,9 |
| Hjá Vernd | 9,5 | 7,8 | 7,1 | 7,0 | 7,8 |
| Á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum | 1,0 | 0,8 | 1,5 | 2,1 | 3,5 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga | 138,5 | 123,7 | 119,9 | 105,9 | 106,4 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga samtals á dag á hverja 100.000 íbúa | 51,3 | 45,5 | 43,6 | 38,0 | 37,6 |

**e) Nýting**

| | *1996:* | *1997:* | *1998:* | *1999:* | *2000:* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *%* | *%* | *%* | *%* | *%* |
| Hegningarhúsið | 112,2 | 72,2 | 73,3 | 65,0 | 56,6 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 85,6 | 82,3 | 78,7 | 66,9 | 65,4 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 98,7 | 95,2 | 89,0 | 85,8 | 86,5 |
| Fangelsið Akureyri | 103,9 | 53,9 | 75,6 | 43,6 | 53,4 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 92,6 | 88,0 | 86,9 | 79,7 | 78,6 |

## Tafla 9

## NIÐURFALLIN REFSIVIST ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* |
| Reynslulausn | 213 | 21662 | 209 | 24780 | 144 | 18435 | 115 | 19081 | 101 | 13109 |
| Eftirstöðvar reynslulausnar dæmdar upp | 61 | 5601 | 75 | 5338 | 36 | 3164 | 50 | 5979 | 22 | 2973 |
| Náðun | 5 | 1355 | 5 | 755 | 7 | 932 | 1 | 175 | 2 | 445 |
| Fyrning | 3 | 360 | 2 | 69 | 2 | 736 | 1 | 30 | 1 | 90 |
| Andlát dómþola | 4 | 465 | 6 | 270 | 9 | 1948 | 1 | 30 | 0 | 0 |
| Samtals: | 286 | 29443 | 297 | 31212 | 198 | 25215 | 168 | 25295 | 126 | 16617 |

**Tafla 10**

## VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1996 – 2000

| | *1996:* | | *1997:* | | *1998:* | | *1999:* | | *2000:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Veittar reynslulausnir á 1/2 .... | 96 | 58,2 | 59 | 43,4 | 51 | 51,0 | 33 | 33,0 | 47 | 54,0 |
| Veittar reynslulausnir á 2/3 .... | 69 | 41,8 | 77 | 56,6 | 49 | 49,0 | 67 | 67,0 | 40 | 46,0 |
| Veittar reynslulausnir alls: ..... | 165 | 100,0 | 136 | 100,0 | 100 | 100,0 | 100 | 100,0 | 87 | 100,0 |

| | 1996: | 1997: | 1998: | 1999: | 2000: |
|---|---|---|---|---|---|
| Eftirstöðvar refsinga sem reynslulausnir voru veittar af, í dögum .................................. | 25191 | 21964 | 16869 | 18172 | 19766 |
| Meðaltalseftirstöðvar í dögum .............................. | 152,7 | 161,5 | 168,7 | 181,7 | 227,2 |

**Tafla 11**

## SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1996 – 2000
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals .... | 179 | 48,9 | 188 | 47,5 | 248 | 51,1 | 192 | 45,1 | 232 | 51,9 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 48 | 13,1 | 50 | 12,6 | 38 | 7,8 | 28 | 6,6 | 28 | 6,3 |
| Fíkniefnabrot ............ | 17 | 4,6 | 19 | 4,8 | 20 | 4,1 | 24 | 5,6 | 44 | 9,8 |
| Kynferðisbrot ............ | 14 | 3,8 | 10 | 2,5 | 10 | 2,1 | 7 | 1,6 | 10 | 2,2 |
| Ofbeldisbrot ............. | 65 | 17,8 | 76 | 19,2 | 123 | 25,4 | 91 | 21,4 | 77 | 17,2 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir .......... | 8 | 2,2 | 4 | 1,0 | 4 | 0,8 | 13 | 3,1 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum ............ | 3 | 0,8 | 4 | 1,0 | 2 | 0,4 | 10 | 2,3 | 4 | 0,9 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi ....... | 5 | 1,4 | 1 | 0,3 | 10 | 2,1 | 12 | 2,8 | 8 | 1,8 |
| Áfengis- og tollalög ....... | 1 | 0,3 | 4 | 1,0 | 0 | 0,0 | 3 | 0,7 | 4 | 0,9 |
| Brenna .................. | 1 | 0,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annað ................... | 25 | 6,8 | 40 | 10,1 | 30 | 6,2 | 46 | 10,8 | 40 | 8,9 |
| | 366 | 100,0 | 396 | 100,0 | 485 | 100,0 | 426 | 100,0 | 447 | 100,0 |

**Tafla 12**

## SEKTARDÓMAR ÁRIN 1996 – 2000
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals .... | 8 | 1,7 | 2 | 0,5 | 10 | 1,6 | 17 | 2,8 | 27 | 4,2 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 318 | 65,8 | 326 | 73,9 | 461 | 73,5 | 425 | 68,9 | 415 | 64,9 |
| Fíkniefnabrot ............. | 38 | 7,9 | 38 | 8,6 | 43 | 6,9 | 43 | 7,0 | 58 | 9,1 |
| Kynferðisbrot ............. | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 | 3 | 0,5 | 1 | 0,2 | 4 | 0,5 |
| Ofbeldisbrot .............. | 17 | 3,5 | 16 | 3,6 | 32 | 5,1 | 30 | 4,9 | 22 | 3,4 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir .......... | 4 | 0,8 | 1 | 0,2 | 2 | 0,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum ............. | 2 | 0,4 | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 | 2 | 0,3 | 9 | 1,4 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi ....... | 10 | 2,1 | 7 | 1,6 | 4 | 0,6 | 14 | 2,3 | 7 | 1,1 |
| Áfengis- og tollalög ....... | 25 | 5,2 | 9 | 2,0 | 19 | 3,0 | 19 | 3,1 | 21 | 5,3 |
| Fiskveiðibrot .............. | 2 | 0,4 | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 |
| Annað .................... | 58 | 12,0 | 40 | 9,1 | 52 | 8,3 | 65 | 10,5 | 75 | 11,8 |
| | 483 | 100,0 | 441 | 100,0 | 627 | 100,0 | 617 | 100,0 | 639 | 100,0 |

**Tafla 13**

## ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1996 – 2000
## FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1996* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1997* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1998* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Manndráp ................ | 2 | 0,6 | 2 | 0,7 | 4 | 1,3 | 0 | 0,0 | 4 | 1,3 |
| Auðgunarbrot/skjalafals .... | 167 | 46,4 | 111 | 36,9 | 95 | 31,1 | 92 | 35,7 | 82 | 26,2 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 85 | 23,6 | 95 | 31,6 | 107 | 35,1 | 107 | 41,5 | 131 | 41,9 |
| Fíkniefnabrot ............. | 29 | 8,1 | 40 | 13,3 | 40 | 13,1 | 30 | 11,6 | 60 | 19,2 |
| Kynferðisafbrot ........... | 18 | 5,0 | 12 | 4,0 | 18 | 5,9 | 7 | 2,7 | 6 | 1,9 |
| Ofbeldisbrot .............. | 23 | 6,4 | 29 | 9,6 | 27 | 8,9 | 14 | 5,4 | 18 | 5,8 |
| Brenna ................... | 4 | 1,1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annað .................... | 32 | 8,9 | 12 | 4,0 | 14 | 4,6 | 8 | 3,1 | 12 | 3,8 |
| | 360 | 100,0 | 301 | 100,0 | 305 | 100,0 | 258 | 100,0 | 313 | 100,0 |

## III. 4. FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM – VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ

### A. Fésektir samkvæmt dómum

Á árinu bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu 728 sektarrefsingar, þar sem dómþolar voru dæmdir til greiðslu fésektar, samtals kr. 186.915.750. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík sektardóma til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2000 nam kr. 167.440.750. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir að fjárhæð kr. 30.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum. Heildarfjárhæð sekta sem sendar voru til fullnustu á árinu nam því kr. 167.470.750.

### B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum

Á árinu fól stofnunin lögreglustjóranum í Reykjavík og sýslumönnum að innheimta sakarkostnað að fjárhæð kr. 86.443.607.

Sakarkostnaður að fjárhæð kr. 306.945 var sendur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um innheimtu á Norðurlöndum. Heildarsakarkostnaður sem sendur var til innheimtu á árinu 1999 nam kr. 86.750.552.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt dómum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 2000 námu alls kr. 254.221.302.

### C. Viðurlagaákvarðanir

Á árinu bárust Fangelsismálastofnun 525 sektarrefsingar samkvæmt viðurlagaákvörðunum. Námu fjárhæðir sektarrefsinganna samtals kr. 44.543.000. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík viðurlagaákvarðanir til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2000 nam kr. 32.195.000 og fjárhæð sakarkostnaðar til innheimtu samkvæmt viðurlagaákvörðunum þessum nam kr. 5.111.299. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sendar sektir að fjárhæð kr. 235.000 og sakarkostnaður að fjárhæð kr. 13.524, með beiðni um fullnustu sekta og innheimtu sakarkostnaðar á Norðurlöndum.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt viðurlagaákvörðunum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 1999 námu alls kr. 37.554.823.

### D. Árituð sektarboð

Á árinu 2000 bárust Fangelsismálastofnun 4.760 sektarrefsingar samkvæmt sektarboðum, árituðum í dómstólum til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Nam fjárhæð sektarrefsinganna samtals kr. 39.114.500. Stofnunin framsendir viðkomandi sýslumönnum ásamt lögreglustjóranum í Reykjavík áritanir þessar til birtingar og fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 1999 nam kr. 30.515.500,00. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir samkvæmt árituðum sektarboðum að fjárhæð kr. 53.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum.

Af þeim sem fengu árituð sektarboð á árinu höfðu 36% brotið gegn 37. gr. umferðarlaga (fyrir of hraðan akstur) sem eru heldur færri en árið áður, 37% gegn 67. gr. umferðarlaga (vanrækt að hafa fært ökutæki til skoðunar) sem eru töluvert fleiri en árið áður, 18% gegn 48. gr. (fyrir að hafa ekki haft ökuskírteini meðferðis) sem eru aðeins færri en árið áður og 7% fyrir 71. gr. umferðarlaga (fyrir að hafa ekki notað öryggisbelti), sama hlutfall og árið áður. Tekið skal fram að brotin geta bæði verið gegn einstökum lagagreinum og fleiri en einni.

# IV. ÁKÆRUFRESTANIR

Á árinu 2000 birti Fangelsismálastofnun 83 einstaklingum skilorðsbundna frestun ákæru og er það svipaður fjöldi og árið á undan. Eins og súluritið hér að neðan sýnir hefur fjöldi ákærufrestana á Stór-Reykjavíkursvæðinu verið mjög breytilegur eftir árum. Ákærufrestunum er einkum beitt út af brotum sem einstaklingar á aldrinum 15-21 árs hafa framið og játning liggur fyrir. Skilorðstíminn er yfirleitt 1-2 ár og er sérstakur fulltrúi starfandi hjá Fangelsismálastofnun sem hefur með málefni þessa hóps að gera. Mikilvægt þykir að hægt sé að grípa fljótt inn í gang mála þegar unglingar eru að hefja sinn brotaferil. Öll þessi ungmenni eru boðuð til viðtals á Fangelsismálastofnun og foreldrar eða forsvarsmenn þeirra yngstu eru einnig boðaðir.

Töflur 13-18 sýna afbrot þessara ungmenna og ýmsar aðrar tölulegar upplýsingar um félagslegar aðstæður þeirra.

**Fjöldi ákærufrestana árin 1989 – 2000**



## Kyn ákærufrestunarþola árin 1989 – 2000




## Nám og störf þeirra sem frestað hefur verið ákæru gegn árin 1995 – 2000 í prósentum talið



**Tafla 14**

## AFBROT

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Innbrot og þjófnaður | 39 | 59,09 | 5 | 29,41 | 44 | 53,01 |
| Skjalafals | 6 | 9,09 | 3 | 17,65 | 9 | 10,84 |
| Fjársvik/fjárdráttur | 2 | 3,03 | 1 | 5,88 | 3 | 3,61 |
| Líkamsárás | 1 | 1,52 | 0 | 0,00 | 1 | 1,20 |
| Nytjastuldur | 16 | 24,24 | 8 | 47,06 | 24 | 28,92 |
| Annað | 2 | 3,03 | 0 | 0,00 | 2 | 2,41 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

**Tafla 15**

## NÁM OG STARF

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnulaus | 8 | 12,12 | 5 | 29,41 | 13 | 15,66 |
| Í skóla | 22 | 33,33 | 6 | 35,29 | 28 | 33,73 |
| Í vinnu | 30 | 45,45 | 1 | 5,88 | 31 | 37,35 |
| Óvinnufær | 1 | 1,52 | 1 | 5,88 | 2 | 2,41 |
| Vantar upplýsingar | 5 | 7,58 | 4 | 23,53 | 9 | 10,84 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

**Tafla 16**

## ALDUR

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15 ára | 22 | 33,33 | 2 | 11,76 | 24 | 28,92 |
| 16 ára | 13 | 19,70 | 8 | 47,06 | 21 | 25,30 |
| 17 ára | 13 | 19,70 | 1 | 5,88 | 14 | 16,87 |
| 18 ára | 12 | 18,18 | 5 | 29,41 | 17 | 20,48 |
| 19 ára | 3 | 4,55 | 1 | 5,88 | 4 | 4,82 |
| 20 ára | 3 | 4,55 | 0 | 0,00 | 3 | 3,61 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

**Tafla 17**

## BÚSETA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nágrannabæir | 31 | 46,97 | 7 | 41,18 | 38 | 45,78 |
| Reykjavík | 35 | 53,03 | 10 | 58,82 | 45 | 54,22 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

**Tafla 18**

## MENNTUN

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki lokið skyldunámi | 10 | 15,15 | 2 | 11,76 | 12 | 14,46 |
| Er í skyldunámi | 11 | 16,67 | 1 | 5,88 | 12 | 14,46 |
| Skyldunám | 36 | 54,55 | 9 | 52,94 | 45 | 54,22 |
| Stúdentspróf | 2 | 3,03 | 0 | 0,00 | 2 | 2,41 |
| Vantar upplýsingar | 7 | 10,61 | 5 | 29,41 | 12 | 14,46 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

**Tafla 19**

## HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Annað foreldri látið | 3 | 4,55 | 0 | 0,00 | 3 | 3,61 |
| Foreldrar ekki í sambúð | 27 | 40,91 | 7 | 41,18 | 34 | 40,96 |
| Foreldrar í sambúð | 26 | 39,39 | 7 | 41,18 | 33 | 39,76 |
| Vantar upplýsingar | 10 | 15,15 | 3 | 17,65 | 13 | 15,66 |
| | 66 | 100,00 | 17 | 100,00 | 83 | 100,00 |

# V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðiþjónusta Fangelsismálastofnunar var með venjubundnu sniði á árinu 2000. Eftirspurn eftir sálfræðiþjónustu er ávallt mikil og margir af skjólstæðingum stofnunarinnar nýta sér hana á einn eða annan hátt, bæði á skrifstofu sálfræðings og einnig úti í fangelsunum en sálfræðingur hefur verið í fullu starfi við Fangelsið Litla-Hraun frá árinu 1996. Á árinu lét sálfræðingur við Fangelsið Litla-Hraun af störfum og annar tók við. Að venju sinnti sálfræðingur fræðslu, ráðgjöf og afbrotafræðilegum rannsóknum. Þá má geta þess að á árinu var Cand. Psych. nemi við sálfræðiskor Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í starfsþjálfun hjá stofnuninni. Stjórn skipulagningar norræns seminars yfirmanna í fangelsum var í höndum sálfræðings stofnunarinnar og voru þátttakendur 33 frá öllum Norðurlöndunum. Enn fremur stjórnaði hann námsstefnu sem haldin var í Borgarnesi fyrir starfsmenn fangelsiskerfisins.

# RANNSÓKN Á SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU

frá 1. júlí 1995 til loka ársins 2000
og samanburður á þeim sem stóðust skilyrði
samfélagsþjónustu og þeim sem rufu skilyrði hennar

Margrét Sæmundsdóttir stjórnmálafræðingur og
dr. Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur

***Samfélagsþjónusta***

Með lögum nr. 55/1994 um samfélagsþjónustu sem tóku gildi 1. júlí 1995 var samfélagsþjónusta innleidd sem úrræði við refsifullnustu á Íslandi, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því. Með samfélagsþjónustu er átt við tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins svo sem líknar- eða félagsstörf hjá félagasamtökum og opinberum stofnunum, sem kemur í stað afplánunar í fangelsi. Starfið getur falist í aðstoð við framkvæmdir, viðhald, umönnun eða aðstoð á skrifstofu og fer val á starfi eftir því hvað telst hæfa dómþola að mati Fangelsismálastofnunar og hvaða störf eru laus á hverjum tíma. Helstu aðilar sem Fangelsismálastofnun hefur verið í samstarfi við vegna vinnu dómþola eru íþróttafélög, líknarfélög, félagsmiðstöðvar, sambýli og ýmsir aðilar sem sinna hjálparstörfum. Hægt er að inna samfélagsþjónustu af hendi utan venjulegs vinnutíma dómþola þannig að hann geti stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustu stendur og verið virkur þjóðfélagsþegn á sama tíma.

Lögum um samfélagsþjónustu var markaður 2½ árs gildistími sem litið var á sem tilraunatímabil með mögulega endurskoðun laganna í lok tímabilsins. Í lögunum var dómþolum sem dæmdir voru í allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu gefinn kostur á að sækja um að inna samfélagsþjónustu af hendi í stað þess að afplána refsingu í fangelsi. Með breytingum á lögum nr. 48 frá 1988 um fangelsi og fangavist, sem tóku gildi 1. janúar 1998, var samfélagsþjónusta felld inn í lögin og jafnframt víkkuð út þannig að heimilað var að fullnusta allt að 6 mánaða fangelsisrefsingu að hámarki með ólaunaðri samfélagsþjónustu og enn fremur þó hluti refsingarinnar sé skilorðsbundinn. Þann 1. janúar 2000 var ákvæðum laganna breytt á þann hátt að ef fésekt innheimtist ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar er heimilað að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því.

Í lögum um fangelsi og fangavist segir að heimilt sé að fullnusta óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 240 klukkustundir sem dreifist á tvo til átta mánuði, sbr. 22. og 24. gr. Í 22. og 23. gr. koma fram þau skilyrði sem dómþoli þarf að uppfylla til þess að eiga kost á að inna samfélagsþjónustu af hendi í stað afplánunar óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, en skilyrðin eru að refsing samkvæmt einum eða fleiri dómum sé ekki þyngri en 6 mánuðir, dómþoli skal óska eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun, eigi síðar en hálfum mánuði áður en hann á upphaflega að hefja afplánun refsivistar, hann má ekki eiga mál til meðferðar í refsivörslukerfinu[1] og hann verður að teljast hæfur til þess að gegna samfélagsþjónustu.[2] Síðastnefnda

1 Með refsivörslukerfi er átt við lögreglu, Ríkislögreglustjóra, Ríkissaksóknara eða dómstóla.

2 Með því „að teljast hæfur" er fyrst og fremst átt við að líklegt megi telja að dómþoli geti staðið við skilyrði samfélagsþjónustu og að úrræðið teljist líklegt til að beina honum inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot sbr. greinargerð með lögum um samfélagsþjónustu.

skilyrðið getur verið vandasamt í túlkun og úrlausn, auk þess að gæta þarf samræmis í ákvarðanatöku svo sem kostur er. Í flestum tilvikum er verið að meta hvort dómþoli eigi við áfengis- og/eða fíkniefnavanda að stríða og þá hvort vandinn sé þess eðlis að hann geti ekki innt samfélagsþjónustu af hendi og um leið staðist skilyrði samfélagsþjónustu. Þá er heimilt að synja dómþola um samfélagsþjónustu, ef almannahagsmunir mæla gegn því, s.s. með hliðsjón af alvarleika brotsins. Fallist Fangelsismálastofnun á umsókn dómþola um samfélagsþjónustu er hann boðaður í viðtal þar sem honum eru kynnt skilyrði samfélagsþjónustunnar og samþykkir hann að hlíta þeim skilyrðum sem honum eru sett með undirritun sinni. Þau skilyrði sem stofnunin setur dómþola er að hann gerist ekki sekur um refsiverðan verknað og neyti hvorki áfengis- né annarra vímuefna á samfélagsþjónustutímanum. Ennfremur sætir hann umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar og þarf að hlíta þeim fyrirmælum hennar að mæta án undandráttar á tilsettum tíma í samfélagsþjónustu og tilkynna án undandráttar veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að geta ekki mætt. Þá er Fangelsismálastofnun heimilt að binda samfélagsþjónustuna viðbótarskilyrðum samkvæmt 2.-6. tölulið 3. málsgreinar 57. greinar almennra hegningarlaga. Helstu viðbótarskilyrði sem stofnunin hefur sett dómþolum eru áfengis- og fíkniefnameðferð, göngudeildarmeðferð vegna geðrænna vandamála eða að hlíta fyrirmælum um dvalarstað, s.s. að dómþoli dveljist á áfangaheimili á samfélagsþjónustutímanum.

***Rannsóknin***

Rannsóknin er byggð á persónuskýrslum sem teknar voru af dómþolum þegar þeir sóttu um samfélagsþjónustu og tekur til 335 aðila af 338 aðilum sem veitt var samfélagsþjónusta, í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, frá gildistöku laga um samfélagsþjónustu hinn 1. júlí 1995 út árið 2000. Í rannsókninni eru bornir saman þeir sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og luku henni og þeir sem ekki stóðust skilyrðin og afplánuðu eftirstöðvar refsingar í fangelsi. Þá er kannaður félagslegur bakgrunnur þessara dómþola, svo sem fjölskyldustaða, menntun og atvinna, vímuefnaneysla, áfengis- og fjöldi fíkniefnameðferða og sakaferill. Þegar rætt er um dómþola hér á eftir er langoftast átt við samfélagsþjóna.

***Rannsóknarhópurinn***

Þrjú hundruð þrjátíu og átta dómþolum (338) var veitt samfélagsþjónusta í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar á tímabilinu á móti 1.075 dómþolum sem hófu afplánun í fangelsi á sama tímabili. Rannsóknin nær til 335 dómþola, þar sem ekki reyndust fullnægjandi upplýsingar að því er 3 varðar. Samfélagsþjónar voru því tæplega 24% allra dómþola á þessu tímabili. Meðalklukkustundafjöldi sem unnin var í samfélagsþjónustu á þessu tímabili voru 73 stundir, flestir voru með 40 stundir, sem dreifðust á tvo til þrjá mánuði en fæstir voru með 240 stundir, sem dreifðust á sjö til átta mánuði. Í hópi þeirra sem veitt var samfélagsþjónusta voru 302 (91%) karlar og 31 (9%) kona en mun lægra hlutfall kvenna hóf afplánun í fangelsi á sama tímabili eða aðeins tæp 3% af heildarafplánunarföngum. Meðalaldur karlanna var 33,2 ár (sf=10,8) og kvennanna 33,8 ár (sf=10,8) sem er ívið hærri meðalaldur en þeirra sem afplána í fangelsi. Langflestir, eða 254 (76%) dómþolanna, voru að afplána refsingu fyrir brot á umferðarlögum, 40 (12%) fyrir auðgunarbrot, 19 (6%) fyrir ofbeldisbrot, 17 (5%) fyrir fíkniefnabrot og 5 (1%) fyrir annarskonar afbrot. Langflestum (93%) dómþolanna var heimiluð samfélagsþjónusta í stað refsingar samkvæmt einum dómi, en 22 (7%) í stað refsinga samkvæmt tveimur dómum eða fleirum, en ekki er gerður frekari greinarmunur á þessum dómþolum í rannsókninni.

***Rof á skilyrðum samfélagsþjónustunnar***

Aðeins 40 (12%) dómþolar rufu skilyrði samfélagsþjónustu og afplánuðu eftirstöðvar refsingar í fangelsi, en 295 (88%) stóðust skilyrðin og luku samfélagsþjónustunni. Meðalaldur þeirra sem stóðust var 33,7 ár (sf=11,1) en þeirra sem rufu 31,5 (sf=10,4). Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur. Ekki reyndist marktækur munur á konum og körlum hvað þetta varðar, en 265 (88%) karlanna stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og 28 (90%) kvennanna. Af þeim 40 dómþolum sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar mættu 22 (55%) ítrekað ekki í samfélagsþjónustuna eða mættu ítrekað of seint, 12 (30%) gerðust sekir um refsiverðan verknað á samfélagsþjónustutímanum og 6 (15%) stóðust ekki áfengis- og/eða fíkniefnaskilyrði. Þá reyndist ekki vera marktækur munur á lengd samfélagsþjónustunnar á milli þeirra sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar og hinum sem stóðust þau.

Eins og sjá má á töflu 1 hér fyrir neðan var langstærsti hluti samfélagsþjónanna að afplána refsingu fyrir umferðarlagabrot, en töluverður munur var á hlutföllum tegunda afbrota hjá þessum tveimur hópum. Af þeim sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar höfðu hlutfallslega færri verið dæmdir fyrir umferðarlagabrot en fleiri fyrir auðgunarbrot og fíkniefnabrot. Munurinn reyndist marktækur (Kíkvaðrat[3]=8,32, p[4]<0,01, Kíkvaðrat=7,37, p<0,01 og Kíkvaðrat=5,20, p<0,05).

**Tafla 1.**
**Tegund afbrots sem dómþolar voru að afplána.**

| Tegund afbrots | Stóðust skilyrði | | Rufu skilyrði | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | (%) | Fjöldi | (%) |
| Umferðarlagabrot | 231 | (78) | 23 | (58) |
| Auðgunarbrot | 30 | (10) | 10 | (25) |
| Ofbeldisbrot | 17 | (6) | 2 | (5) |
| Fíkniefnabrot | 12 | (4) | 5 | (13) |
| Önnur brot | 5 | (2) | 0 | (0) |
| Samtals | 295 | (100) | 40 | (100) |

Tvö hundruð tuttugu og tveir (66%) samfélagsþjónanna voru að afplána í fyrsta sinn óskilorðsbundna fangelsisrefsingu, 113 (34%) höfðu fengið óskilorðsbundinn dóm áður, þar af 109 (33%) sem höfðu einhvern tímann afplánað refsingu í fangelsi. Af þeim sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar höfðu 63% (25) ekki áður hlotið óskilorðsbundna fangelsisrefsingu. Hundrað tuttugu og níu (39%) höfðu verið dæmdir skilorðsbundnum dómi einhvern tímann áður, þar af 65% (26) þeirra sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar og 35% (103) þeirra sem stóðust þau.

Tafla 2 sýnir meðalfjölda skilorðsbundinna og óskilorðsbundinna dóma sem dómþolarnir höfðu að baki við upphaf samfélagsþjónustunnar. Eins og sjá má höfðu þeir sem

3 Kíkvaðrat próf er ein tegund tölfræðilegra marktækniprófa.
4 P<0,05 er mælikvarði á marktækni.
5 Helsta skýringin á því að mismunur er á milli fjölda óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga og fjölda afplánana í fangelsi er sú, að dómþoli afplánar oft fleiri en eina óskilorðsbundna refsingu í sömu afplánun.

rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar verið dæmdir um helmingi fleiri skilorðsbundnum dómum að meðaltali en þeir sem stóðust þau og þeir höfðu einnig fleiri refsidóma að baki. Munurinn í báðum tilvikum er tölfræðilega marktækur.

**Tafla 2.**
**Samanburður á meðalfjölda fyrri skilorðsbundinna og óskilorðsbundinna dóma hjá dómþolum sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustu (N=295) og þeim sem rufu skilyrðin (N=40) og afplánuðu refsingu í fangelsi.**

| | Stóðst skilyrði samfélagsþjónustu Meðaltal (sf) | Rauf skilyrði samfélagsþjónustu Meðaltal (sf) | t-próf |
|---|---|---|---|
| Fjöldi fyrri skilorðsbundinna dóma | 0,5 (0,8) | 1,1 (0,9) | -4,06*** |
| Fjöldi fyrri óskilorðsbundinna dóma | 2,0 (1,8) | 2,8 (2,6) | -2,48* |

Í rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar (1997) á afbrotasögu íslenskra fanga kom í ljós að fangarnir höfðu verið dæmdir að meðaltali 1,1 skilorðsbundnum dómi og 5,1 óskilorðsbundnum dómi þegar þeir hófu afplánun þá sem rannsóknin tók til. Þetta gefur til kynna að þeir sem afplána refsingu í fangelsi eiga að meðaltali mun lengri sakaferil að baki en þeir sem afplána refsingu í samfélagsþjónustu.

***Félagslega staða***

Um tveir fimmtu dómþolanna, eða 136 (41%), sögðust vera í sambúð eða hjónabandi þegar þeir hófu samfélagsþjónustu og 33 (10%) sögðust eiga unnustu/a. Tæpur þriðjungur sagðist vera einhleypur eða 103 (31%), 61 (18%) sögðust vera fráskildir og 2 (<1%) höfðu misst maka sinn. Ekki reyndist marktækur munur á hjúskaparstöðu þeirra sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og þeirra sem rufu þau, en lægra hlutfall af þeim síðarnefndu (40% á móti 52%) voru í hjónabandi/sambúð en sambandsslit, eða andlát maka, hafði orðið hlutfallslega oftar hjá þeim hópi eða 28% á móti 18%.

Tæplega tveir þriðju hlutar eða 208 (62%) dómþolanna sögðust eiga börn, 68 (20%) eitt barn, 58 (17%) tvö börn, 41 (12%) þrjú börn og 39 (11%) fjögur eða fleiri. Samtals munu þessir dómþolar eiga 479 börn (tveir svöruðu ekki spurningunni). Tæplega helmingur eða 99 (47%) þeirra sem sögðust eiga börn sögðu börnin ekki búa heima hjá þeim, 79 (38%) sögðu börnin búa á heimili þeirra og 31 (15%) sögðu börnin uppkomin. Hlutfallslega mun færri af þeim sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar sögðust eiga börn heima hjá sér eða 18% á móti 40% þeirra sem stóðust. Þessi munur er tölfræðilega marktækur (Kíkvaðrat=6,39, df=1, $p<0,05$).

Þriðjungur dómþolanna eða 112 (33%), sagðist búa í leiguhúsnæði og sama hlutfall sagðist búa í eigin húsnæði (112 (33%)), 92 (28%) sögðust búa í foreldrahúsum eða hjá ættingjum eða vinum og 19 (6%) sögðust búa á áfangaheimili. Töluverður munur var á húsnæðisstöðu dómþola eftir því hvort þeir stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar eða ekki. Þeir sem ekki stóðust skilyrðin bjuggu í mun færri tilvikum í eigin húsnæði, eða 10% á móti 37% og er sá munur tölfræðilega marktækur (Kíkvaðrat=11,17, df=1, $p<0,001$) og mun hærra hlutfall þeirra bjó á áfangaheimili, eða 15% á móti 4% þeirra

sem stóðust skilyrðin. Þessi munur reynist einnig marktækur (Kíkvaðrat=5,54, df=1, $p<0{,}01$).

Aðeins 57 (17%) samfélagsþjónanna sögðust njóta félagslegrar aðstoðar frá opinberum aðilum. Munurinn á milli þeirra sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og þeirra sem rufu þau reyndist ekki marktækur þótt 25% (10) þeirra sem rufu skilyrðin segðust njóta félagslegrar aðstoðar en aðeins 16% (47) hinna.

Aðeins 20 (6%) samfélagsþjónanna sögðust ekki hafa lokið skyldunámi, 194 (58%) sögðust aðeins hafa lokið skyldunámi og 121 (36%) sagðist hafa lokið framhaldsnámi[6]. Marktækt hærra hlutfall þeirra sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar sögðust hafa lokið framhaldsmenntun (Kíkvaðrat=4,35, df=1, $p<0{,}05$). Í rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar (1998) á íslenskum föngum á árunum frá 1991 til 1995 kom í ljós að 40% þátttakenda sögðust hafa lokið skyldunámi sem gefur til kynna að dómþolar í samfélagsþjónustu hafi almennt mun meiri skólagöngu að baki en fangar á þessum tíma.

### *Heilsufar*

Stærsti hluti dómþolanna eða 232 (69%), sagði heilsu sína vera ‘mjög góða’, 65 (20%) ‘frekar góða’, en 38 (11%) sögðu heilsu sína vera ‘frekar slæma’. Um þriðjungur eða 115 (35%) sagðist eiga við geðræn vandamál að stríða, sem reyndist langoftast vera þunglyndi eða hjá 109 (33%) samfélagsþjónanna. Rúmlega helmingur (54%) þeirra sem ekki stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar sögðust eiga við geðrænan vanda að stríða, oftast þunglyndi, en um þriðjungur (32%) þeirra sem stóðust skilyrðin. Þessi munur var tölfræðilega marktækur (Kíkvaðrat=7,03, df=1, $p<0{,}01$). Stór hluti samfélagsþjónanna, 265 (82%), sagðist taka inn einhvers konar lyf við líkamlegum eða geðrænum vanda sínum. Ekki reyndist marktækur heilsufarslegur munur á þeim sem rufu skilyrðin og hinum sem stóðust þau.

### *Áfengis- og fíkniefnaneysla*

Allir samfélagsþjónarnir nema einn sögðust einhvern tíma hafa neytt áfengis og af þeim 284 sem svöruðu spurningunni um hvenær þeir hefðu fyrst neytt áfengis sögðust 43 (15%) hafa byrjað áfengisneyslu fyrir fermingaraldur (á aldrinum 10 til 13 ára), langstærsti hlutinn eða 219 (77%) á aldrinum 14 til 18 ára, en aðeins 22 (8%) á aldrin-um 19 til 30 ára. Meðalaldur við upphaf áfengisneyslu var 15,7 ár (sf=2,5), yngst höfðu menn byrjað áfengisneyslu 10 ára gamlir og elst 30 ára. Ekki reyndist marktækur munur á þeim sem stóðust og þeim sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar hvað varðar upphaf áfengisneyslu.

Aðspurðir sögðust 140 (42%) samfélagsþjónanna hafa neytt fíkniefna, 132 (39%) kannabisefna, 117 (35%) amfetamíns, 61 (18%) kókaíns, 48 (14%) LSD, 47 (14%) sveppa, 38 (11%) alsælu, 7 (2%) morfíns og 4 (1%) heróíns og 38 (11%) sögðust hafa misnotað „læknalyf“. Fjórir (3%) sögðust hafa byrjað fíkniefnaneyslu á aldrinum 12 og 13 ára, 92 (69%) á aldrinum 14 til 18 ára og 38 (28%) á aldrinum 19 til 35 ára. Meðalaldur alls hópsins við upphaf fíkniefnaneyslu reyndist 18 ár (sf=3,7), yngst 12 ára og elst 35 ára. Þótt hópurinn sem ekki stóðst skilyrði samfélagsþjónustunnar skýrði frá meiri fíkniefnaneyslu reyndist sá munur ekki marktækur og ekki reyndist heldur marktækur munur á hópunum tveimur hvað snerti upphaf neyslunnar.

Í rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar (1996) á fíkniefnaneyslu íslenskra fanga, sem var framkvæmd áður en samfélagsþjónusta var heimiluð með lögum, kom í ljós að 62% sögðust hafa neytt kannabisefna, 51% amfetamíns og 29%

6 Iðnmenntun, stúdentsprófi eða háskólaprófi.

kókaíns. Þetta gefur til kynna að fangar eigi við mun alvarlegri fíkniefnavandamál að stríða en þeir sem heimiluð var samfélagsþjónusta.

Rúmlega helmingur (55%) allra sem veitt var samfélagsþjónusta sagðist einhvern tímann hafa „hafið“ áfengismeðferð, þar af sögðust 148 (44%) hafa lokið fullri meðferð[7], 89 (27%) einu sinni, 36 (11%) tvisvar sinnum, 12 (4%) þrisvar sinnum og 11 (3%) fjórum sinnum eða oftar. Ellefu (3%) sögðust vera í áfengis- og fíkniefnameðferð þegar tekin var af þeim persónuskýrsla[8] og 14 (4%) stunduðu göngudeildarmeðferð vegna vandamála sinna. Fjórðungur alls hópsins 85 (25%) sagðist stunda AA-fundi er þeir hófu samfélagsþjónustu, 68 (23%) þeirra sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og 17 (43%) þeirra sem rufu skilyrðin. Þessi munur reyndist marktækur (Kíkvaðrat=7,04, df=1, $p<0{,}01$).

Ef dæma má vímuefnavanda fólks eftir fjölda meðferða sem það hefur sótt virðast þeir sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar eiga við alvarlegri vímuefnavandamál að stríða en hinir sem stóðust skilyrðin, 28 (70%) fyrrnefnda hópsins sögðust hafa lokið a.m.k. einni fullri áfengis- og fíkniefnameðferð, en 120 (41%) þeirra sem stóðust skilyrðin. Munurinn var marktækur (Kíkvaðrat=12,28, df=1, $p<0{,}001$). Þó reyndist ekki marktækur munur á hópunum tveimur á því hversu oft menn sögðust hafa „hafið“ meðferð. Þá kom í ljós marktækur munur (t-gildi=-2,11, $p<0{,}05$) á fjölda fullra vímuefnameðferða á milli hópanna tveggja. Þeir sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar sögðust að meðaltali hafa lokið 0,7 meðferðum en þeir sem rufu skilyrðin sögðust hafa lokið að meðaltali 1,1 meðferð.

Meðferðarsaga samfélagsþjónanna virðist svipuð því sem íslenskir fangar á árunum 1991 til 1993 skýrðu frá (Jón Friðrik Sigurðsson, 1994), en 57% þeirra sögðust einhvern tíma fyrir afplánun hafa farið í áfengis- og vímuefnameðferð og 45% hópsins sögðust hafa lokið a.m.k. einni fullri meðferð á meðferðarstofnun fyrir áfengis- og vímuefnavandamál.

Aðeins 23 (7%) samfélagsþjónanna sögðust einhvern tíma hafa sprautað sig með fíkniefnum og er það mun lægra hlutfall en kom í ljós í rannsókn Jóns Friðriks og Gísla (1996), en í henni sögðust 23% fanganna einhvern tíma hafa sprautað sig með fíkniefni. Ekki reyndist marktækur munur á fíkniefnaneyslu eða sprautunotkun þeirra sem rufu skilyrði samfélagsþjónustunnar og hinna sem stóðust þau.

***Niðurstöður***

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að gera nokkurs konar úttekt á fyrsta fimm og $^{1}/_{2}$ ári samfélagsþjónustu á Íslandi. Óhætt er að segja að framkvæmd samfélagsþjónustunnar hafi tekist vel og frá árinu 1995 mun um fimmtungur dómþola hafa hafið afplánun refsingar í samfélagsþjónustu og aðeins 12% þeirra rofið skilyrði hennar og afplánað eftirstöðvar refsingar í fangelsi. Í ljós kom að langstærsti hluti samfélagsþjóna afplánaði refsingu fyrir umferðarlagabrot og sex af hverjum tíu voru að afplána sinn fyrsta óskilorðsbundna fangelsisdóm í samfélagsþjónustu. Af samanburði við eldri rannsóknir á íslenskum föngum (Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson, 1997) kemur í ljós að sakaferill samfélagsþjóna er mun minni en afplánunarfanga á árunum 1991 til 1995, svo og fíkniefnaneysla þeirra (Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson, 1996). Menntunarstaða samfélagsþjóna virðist hins vegar mun betri en menntunarstaða fanga á þessum tíma (Jón Friðrik Sigurðsson, 1998).

7 Afeitrun og eftirmeðferð í samtals um sex vikur.
8 Mættu í viðtal áður en eftirmeðferð hófst.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að bera saman dómþola sem stóðust skilyrði samfélagsþjónustunnar og luku afplánun í samfélagsþjónustu og þá sem rufu skilyrði samfélagsþjónustu og afplánuðu eftirstöðvar refsingar í fangelsi. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um að þeir sem rjúfa skilyrði samfélagsþjónustunnar séu líklegri til að eiga fleiri fangelsisdóma að baki og að eiga við alvarlegri fíkniefnavandamál að stríða ef dæma má af þeirra eigin frásögn í persónuskýrslu. Þá gefa niðurstöðurnar einnig til kynna að sá hópur búi við lakari félagslega stöðu, þeir eigi frekar við geðræn vandamál að stríða og að menntunarstaða þeirra sé verri.

Frekari rannsókna er þörf á þeim þáttum sem ráða mestu um það hvort samfélagsþjónar standast skilyrði samfélagsþjónustu. Frekari upplýsingar um það gæti auðveldað Fangelsismálastofnun að meta „hæfi“ dómþola eða líkur á því hvort dómþoli muni standast skilyrði samfélagsþjónustu. Þá er einnig verðugt rannsóknarefni að kanna hversu hátt hlutfall samfélagsþjóna heldur áfram að brjóta af sér þannig að unnt sé að meta hvort þetta refsiúrræði er líklegt til þess að draga úr ítrekuðum afbrotum.

### *Heimildir*


Jón Friðrik Sigurðsson (1994). *Rannsókn á áfengis- og fíkniefnaneyslu fanga fyrir afplánun.* Viðauki við ársskýrslu Fangelsismálastofnunar ríkisins fyrir árið 1993, bls. 36-45. (Þessi grein er að mestu samin upp úr greinunum *Alcohol and drug intoxication during police interrogation and the reasons why suspects confess to the police og Illicit drug use among Icelandic prisoners prior to their imprisonment* eftir Jón Friðrik Sigurðsson og Gísla H. Guðjónsson).

Jón F. Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (1996). Illicit drug use among Icelandic prisoners prior to their imprisonment. *Criminal Behaviour and Mental Health,* 6, 98-104.

Jón F. Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (1997). The criminal history of ‘false confessors’ and other prison inmates. *The Journal of Forensic Psychiatry,* 8, 447-455.

Jón F. Sigurðsson (1998). Alleged false confessions among Icelandic offenders: An examination of some psychological, criminological and substance use factors that are associated with the reported false confessions. Óbirt doktorsritgerð við Institute of Psychiatry, King’s College, Háskólanum í London.

# FANGELSISMÁL, HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Erindi Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns
fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, frá 9. nóvember 2000

## I. Inngangur

Samantektin sem hér fer á eftir er byggð á framsöguerindi sem höfundur hélt á námsstefnu fyrir starfsfólk fangelsisgeirans í Hótel Borgarnesi 9. nóvember 2000. Námsstefnan var haldin til að efla starfsanda og var hin fyrsta sinnar tegundar. Þema námsstefnunnar var starf fangavarða og þróun þess. Erindið er ekki byggt á vísindalegum rannsóknum, hér eru settar fram hugmyndir, studdar gögnum sem höfundur hefur aflað sér sem fangavörður, kennari og forstöðumaður, vegna áhuga á fræðslu og þróun á þessu sviði og eru birtar á eigin ábyrgð.

Yfirskrift greinarinnar er: *Fangelsismál, horft til framtíðar.* Þegar fjallað er um störf fangavarða verður vart hjá því komist að víkja að þróun fangelsismála í heild. Reynt verður að færast ekki of mikið í fang heldur staldrað við grunnatriði, markmið, hlutverk og starfssvið fangavarða og það hvert framhaldið gæti orðið næstu 10 ár eða svo. Hér verður ekki fjallað um starfslýsingar eða það hvort fangaverðir eigi að smyrja brauð fyrir fanga eða opna klefa kl. 8 eða 8:30. Til þess er annar vettvangur. Ætlunin er að velta upp spurningum eins og: *Hvað* er fangavarsla, *hvað* felst í því starfi og *hvernig* ætti það að vera? *Hvað* eru nágrannar okkar að sýsla á þessu sviði? *Hvernig* miðar okkur áfram? Og fleira í þeim dúr.

Greininni er skipt í sjö meginhluta og nokkra undirkafla. Hún hefst á inngangi og svo er litið til fortíðar. Staðan í nútíð tekur við og framtíðarskoðun þar á eftir. Í fimmta hluta er vikið að tvíþættu hlutverki fangavarða og hinn sjötti fjallar um breytingarferli í fangelsum. Sjöundi hluti er niðurlag og fylgir listi ívitnana og neðanmálsathugasemda.

### *1.1. Mælikvarði mikilvægis?*

Hugleiðum hvort fangavarsla er mikilvægt starf. Starfið er ekkert merkilegra en önnur. En ef ímyndaður mælikvarði mikilvægis fælist í skriflegum ákvæðum um vettvanginn þá stæði fangavarslan framarlega. Til er aragrúi af lögum, reglugerðum, samþykktum, sáttmálum, reglum og bókunum sem gerðar hafa verið um hlutverk, framgöngu og starfsemi fangavarða í fangelsi. Lítum á dæmi:

Lög um fangelsi og fangavist, lög um meðferð opinberra mála, stjórnsýslulög, ýmsar reglugerðir svo sem reglugerð um gæsluvarðhald, um leyfi fanga, um heimsóknir, símtöl og bréfasendingar, um dagpeninga og vinnulaun, um fullnustu refsidóma, um nýráðningu og menntun fangavarða, – reglur eins og húsreglur fangelsa, vinnureglur ýmiss konar, siðareglur norrænna fangavarða, erindisbréf, evrópskar fangelsisreglur, skýrslur tortúrnefndar, mannréttindasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, samþykktir Evrópuráðs – og svo mætti áfram telja.

Hvers vegna er þetta svo? Af hverju eru allar þessar samþykktir og reglur um hvað eigi og megi gera, hvað sé við hæfi og hvað ekki, hvað rétt, hvað rangt, hvað vitlaust, eðlilegt eða bara gott og gilt í sambandi við innilokun fanga í fangelsi? Svarið er ekki flókið, – það er vegna þess að fangelsisyfirvöldum og þar með fangavörðum í umboði stjórnvalda, er fengið í hendur *vald* sem fáir aðrir í samfélaginu hafa. *Að yfirtaka ákvörðunarrétt yfir líkamlegri staðsetningu einstaklinga og – ef nauðsyn krefur – beita sérstökum*

*þvingunum og búnaði til að inna það starf af hendi.* Ekkert annað yfirvald samfélagsins hefur það sem sitt sérhæfða hlutverk að hafa svo yfirgripsmikið og augljóst eftirlit með ferðum og hátterni einstaklinga í umsjá þess og beita þá viðlíka þvingun.[1] Þetta sérstaka vald krefst markvissra vinnubragða og ef til vill er mikilvægast að leiða hugann að þremur meginspurningum í því sambandi: Hvaða valdi er heimilt að beita? Í hvaða tilgangi má beita því og hvernig á að standa að valdbeitingunni? Í raun og veru endurspegla þessar spurningar tilvistarlegan og siðferðislegan kjarna fangavarðarstarfsins, vegna þess að eðli málsins samkvæmt eru allir fangar á einn eða annan hátt þvingaðir til samvistanna.

Ekki gefst ráðrúm til að huga frekar að þessari umræðu hér, en öllum er hollt að leiða hugann á gagnrýninn og skynsamlegan hátt að slíkum grundvallaratriðum. Fangavarsla felst ekki í að telja dósir eða flokka pappír, heldur er verið að *ráðskast* með fólk sem er lokað inni. Það gerir starfið vandmeðfarið - en líka innihaldsríkt.

### *1.2. Skýrsla til dómsmálaráðherra*

Í mars árið 1992 kom út skýrsla á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins að beiðni Þorsteins Pálssonar, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra. Þetta var skýrsla um stöðu fangelsismála og tillögur um úrbætur og stefnumörkun til framtíðar.[2] Skýrsluhöfundar, að undirrituðum meðtöldum, höfðu flestir reynslu úr fangelsiskerfinu og margar tillagnanna hafa komist til framkvæmda, sumar með hliðarstökkum en aðrar bíða síns vitjunartíma. En við árþúsundamót er tímabært að huga að framhaldinu. Hver er staða fangelsismála og hverjar eru horfurnar í nánustu framtíð? Hvernig er staðan á Íslandi miðað við nágrannalöndin? Hvaða hlutverki munu fangaverðir gegna í þróuninni næstu 10 árin, hvaða breytingar eru fyrirséðar og hvernig verður starfsumhverfi þeirra?

Það er deginum ljósara að framþróun og endurmat verður í fangavörslu eins og annars staðar. Þrátt fyrir að sumt breytist hægt munu gömlu vígin falla eitt af öðru í tímans rás. Fangavarðarstarfið hefur breyst undanfarinn áratug, – en það er bara byrjunin. Breytingarnar eiga eftir að verða enn meiri næstu 10 ár.

Í þessu starfi eins og öðrum munu áherslur færast frá magni að gæðum í vaxandi mæli. Þegar talað er um magn og gæði í fangelsissamhengi þá er til dæmis átt við nýtingu tíma bæði hjá föngum og starfsmönnum, framboð og eftirspurn á skipulagðri starfsemi og meðhöndlun (meðferðarprógröm eða aðrar áætlanir sem boðið er upp á). Í stuttu máli er átt við muninn á verki og aðferð. Það á ekki að vera nægilegt að spyrja *hvað* gert er heldur *hvernig* hlutirnir eru framkvæmdir. Það er aðalatriði og svo mun áfram verða. Það er ekki fullnægjandi að státa af miklu framboði á þessu eða hinu; – vinnu fyrir fanga, námstilboðum, læknisþjónustu, meðferð og öðru, ef í ljós kemur að þetta er ómarkvisst, illa nýtt og árangurslítið. Nefna má dæmi erlendis frá um fangelsi þar sem eru flottir vélasalir með vinnuaðstöðu fyrir stóran hóp fanga. Þar eru kannski fimm að vinna og þar af eru tveir verkstjórar. Fangarnir eru flestir með vottorð eða geta ekki unnið af einhverjum ástæðum. Annað dæmi: Oft er talað um að *trappa* fíkla niður með lyfjagjöf í ákveðinn tíma eftir komu í fangelsi, – en svo kemur í ljós að margir mánuðir líða og alltaf eykst lyfjaskammturinn. Nefna mætti fleiri dæmi af þessu tagi þótt það verði ekki gert hér.

Það þarf að vega og meta hvað eigi að gera og hvernig því verði náð. Aðferðin skiptir máli. Hverju á að ná fram í fangelsinu? Er það ró og spekt og ekkert *vesen*? Sjálfsagt er það ósk margra. En spurningin hlýtur jafnframt að snúast um aðferð, ekki bara að tilgangurinn helgi meðalið. Þetta má ekki byggjast á einhvers konar samþykktu afskiptaleysi. Sumir fangar virðast rólegir ef þeir fá óáreittir að vera dópaðir og sofa allan sólarhringinn. Það er ekki æskileg ró og spekt. Fremur skal sækjast eftir jafnvægi í fangelsinu sem leiðir af því að fangar hafi eitthvað fyrir stafni, eigi jákvæð samskipti og fái tækifæri

til að vinna í sínum málum. Það eru gæði í fangelsi, það er markmið og að því ber að stefna.

Annað sem skiptir miklu varðandi starfsumhverfi og vellíðan á vinnustað er hvaða hug menn bera til þess sem þeir eru að gera. Hvort menn eru stoltir af sínum hlut eða hvort þeim stendur á sama svo lengi sem þeir fá greidd laun fyrir verkið. Í því samhengi er ekki úr vegi að rifja upp gamla sögu um þrjá steinsmiði:

*Þrír steinsmiðir unnu í sömu grjótnámu við að höggva til sams konar ferkantaðar steinblokkir. Aðkomumaður sem leið átti hjá staldraði við hjá hverjum þeirra um sig og spurði hvað fælist í starfi hans. Hinn fyrsti svaraði önugur: „Ég er að höggva grjót.“ Sá næsti sagði dauflega: „Ég er að höggva grjót til að hlaða einhvern múr.“ Hinn þriðji svaraði hins vegar með nokkru stolti: „Ég er þátttakandi í að reisa dómkirkju.“*

Þessi litla dæmisaga beinir athygli að því hvaða augum við lítum smátt en samt mikilvægt hlutverk okkar í gangvirkinu. Stundum er hollt að staldra við og spyrja: Er ég að höggva grjót eða taka þátt í einhverju sem skiptir máli?

## II. Fortíð

### *2.1. Af hvaða völdum?*

Stöldrum aðeins við í fortíðinni. Ef litið er á fangelsissöguna sést framrás sem á Vesturlöndum hefur að mestu fylgt annarri samfélagsþróun. Er þá átt við fangelsi síðari tíma, fangelsisgerð eða hugmynd sem ekki er ýkja gömul, tvö hundruð ára eða svo. Auðvitað væri hægt að fara lengra aftur í söguna og rekja dæmi um gamlar dýflissur sem voru pyntingartæki stjórnvalda og aðals til að klekkja á pólitískum andstæðingum eða til að brennimerkja og limlesta þá sem höfðu gerst brotlegir eða voru á móti viðteknum skoðunum. En það verður ekki gert hér. Það er fróðlegt að skoða stöðuna í dag út frá ákveðinni þróun í fangelsismálum á 20. öld. Á Vesturlöndum hefur fyrst og fremst orðið framþróun hvað varðar aukinn rétt fanga, samskipti þeirra innan fangelsa, samskipti starfsmanna og fanga og meðhöndlun þeirra. Það þarf ekki að lesa gamlar fangelsisreglur eða dagbækur lengi til að skynja í hverju breytingar á umgengnisháttum í fangelsum hafa falist:

*Áður fyrr voru fangar yfirleitt lokaðir inni á klefa allan sólarhringinn að undanskilinni klukkustundar útivist. Þeir báru jafnan sérstök einkenni, svo sem fangaföt. Sumir voru alfarið vistaðir í einrúmi upp á vatn og brauð. Fangar máttu ekki tala saman. Þeir máttu ekki tala við fangavörð nema hann yrti á þá að fyrra bragði. Fangar máttu ekkert lesa nema biblíuna þegar færi gafst. Síðar bættust við aðrar uppbyggilegar bækur eða greinar sem valdar voru af fangavörðum. Það var talið föngum hollt að hírast í einrúmi inni í gluggalausum klefa og iðrast. Menn trúðu því að það leiddi til betrunar. Löngu eftir símvæðingu var nánast óþekkt að fangar fengju að hringja eða tala í síma. Eftir að rýmkað var á þeirri heimild voru öll símtöl hleruð og skellt á ef eitthvað óviðurkvæmilegt var sagt að mati fangavarðarins sem hlustaði. Öll bréf voru lesin, heimsóknir voru strjálar og þær fáu sem leyfðust voru vaktaðar af fangaverði. Fangavörðum var lengi vel uppálagt að tala sem minnst við fanga og alls ekki vera vingjarnlegir eða alþýðlegir í tali. Áður fyrr voru dagblöð afhent föngum eftir að yfirfangavörður eða fangelsisprestur hafði klippt burt myndir og greinar sem ekki töldust afbrotamönnum holl lesning. Fangavarsla taldist til óæðri starfa, til hennar réðust helst eldri menn sem gjarnan höfðu annað starf meðfram, voru kannski eigin herrar með bát í nausti eða rollur í kofa, oft fremur valdir eftir stærð en viti. Menn sem festust í þessu og þurftu ekki á annarri menntun eða hæfileikum að halda en því að vera góðir „kallar“. Og svo mætti áfram telja.*

Sumt ofantalið virðist frá æði gamalli tíð. En svo er ekki um allt, jafnvel þó að orðið

gamalt sé afstætt hugtak. Undirritaður upplifði margt af þessu við sumarafleysingar, samfara háskólanámi, sem fangavörður í Hegningarhúsinu 1975 og síðar. Í endurminningunni svipaði umgjörð fangelsisins á þeim tíma til lýsingar Halldórs Laxness á því þegar Ólafur Kárason Ljósvíkingur var vistaður í tugthúsinu einhverntíma á þriðja áratug síðustu aldar.[3] Undirritaður gekk nánast beint inn á vakt eftir ráðningarviðtal, hlaut stutta tilsögn um lífið og tilveruna hjá varðstjóra, fékk rótsterkan kaffibolla, stóran lykil og var svo vísað beint inn á fangelsisgang. Gamla lýsingin passaði ágætlega, – *stór og þrekinn, þokkalega góður náungi að eigin áliti og steig ekkert sérstaklega í vitið, – og festi smám saman rætur!*

Eftir á að hyggja var ekki slæmt að hafa kynnst starfinu svo snemma og frá þessu sjónarhorni. Það hefur aukið skilning og veitt innsýn í það hvernig hlutirnir voru áður og hve mikilvægt er að reyna að hreyfa við ýmsu og mjaka því til framávið.

### *2.2. Hvað hefur breyst og hvers vegna? Hver hafa markmiðin verið?*

Ef hugað er að því sem hefur verið að gerast í grannlöndunum varðandi fangavarðarstarfið, sérstaklega á Norðurlöndum, er ljóst að hreyfing síðustu áratuga hefur að miklu leyti beinst að endurbótum á starfsmannastefnu undir því kjörorði að auðlind fangelsiskerfis séu starfsmenn þess. Nefna má sem dæmi að starfsumhverfi hefur verið bætt, menntun efld, starfsemi innan fangelsanna hefur verið endurskipulögð, vinnutími styttur og kjör bætt fyrir markvissara vinnuframlag. Ýmislegt hefur orðið til að ýta undir þessa þróun svo sem aukin fagmenntun, samstarf milli landa, sterk fagfélög og rannsóknir fræðimanna á fangelsisumhverfi og á líðan fangavarða í starfi. Í því sambandi má sérstaklega geta frumkvæðis danskra fangelsisyfirvalda, öflugrar rannsóknardeildar norska fangavarðaskólans og merkilegrar rannsóknar *dr. Anniku Härenstam* í Svíþjóð á níunda áratugnum á líðan starfandi fangavarða svo eitthvað sé nefnt. Sænska rannsóknin var umfangsmikil og ýtti við mönnum vegna þess að um 2000 fangaverðir í mismunandi fangelsum tóku þátt í henni og niðurstöðurnar voru nokkuð afgerandi. Sýndu þær fram á mikil álagseinkenni og streitumyndun meðal fangavarða sem birtist meðal annars í andlegri og líkamlegri vanlíðan. Nefna má háan blóðþrýsting, mikil veikindaforföll, hátt kólesterólhlutfall, þunglyndi og alkóhólisma. Sérstaklega bar á þessu hjá vaktavinnumönnum og einkennin jukust eftir því sem fangaverðirnir störfuðu við þyngri aðstæður, í fangelsum þar sem árekstrar milli fanga innbyrðis og milli fanga og starfsmanna voru tíðir.[4]

Til að svara spurningunum hér að ofan má segja að helstu breytingar og markmið hafi verið að skapa faglegra og virkara starf og starfsumhverfi og draga úr skaðlegu álagi. Það er ekki svo lítið. Og ekki má gleyma að margt af þessu hefur einnig gerst hér á landi.

## III. Nútíð

### *3.1. Hvað er að gerast?*

Sem betur fer hefur ýmislegt breyst undanfarinn aldarfjórðung sem of langt mál yrði að telja upp hér. Margt hefur færst til betri vegar og þeir sem fylgst hafa með vita það og sjá. Þá er ekki bara átt við það sýnilega heldur ekki síður innra starfið, þekkinguna, hugarfarið og vinnuna sem lögð hefur verið í að færa fangelsismálin til móts við það sem ásættanlegt getur talist. En betur má ef duga skal, þrátt fyrir velgengni má margt betur gera. Lítum yfir stöðuna í dag áður en lengra er haldið.

Hvaðan hafa fyrirmyndir verið sóttar? Þær koma víða að en segja má að undanfarna áratugi hafi mest verið leitað til grannþjóða, einkum Danmerkur og Noregs. Íslenska kerfið hefur samt sem áður verið nokkuð sér á parti, bæði vegna smæðar og áherslna í

verkefnavali. Hér á landi hefur líklega hlutfallslega minna fé verið varið til ýmiss konar skipulagðra umsjónarverkefna og áætlanagerðar *(programvirksomhed, soningsplanlegging)* í fangelsum en á öðrum Norðurlöndum, ef til vill að Finnlandi undanskildu. Frændþjóðirnar hafa um áratuga skeið sveiflast um í stefnum og straumum fangelsismála, frá *„Nothing works"* yfir í *„Something works,"* *„Program-behandling,"* *„AUF"* (Arbejde, Undervisning, Fritid), „TR" (Tjenstemannsrolleprojekt), *„Metodisk arbeid i fengsel"* (markviss fangelsisvinna), *„Enhedsfunktionær"* (fængselsfunktionær, tilsjónarkerfi), *„Kontaktsystem"* (tengilskerfi) og *„Kognitive-skills"* (hugræn atferlismótun) svo nokkuð sé nefnt.[5] Hér á landi hefur kröftunum fyrst og fremst verið beint að atvinnu fyrir fanga, áfengis- og vímuefnameðferð fyrir þá sem til þess eru fallnir síðustu vikur afplánunar, vistun á áfangaheimili Verndar og einstaklingsmeðferð sálfræðinga og geðlækna í fangelsunum. Myndarlega hefur verið staðið að skólahaldi á Litla-Hrauni í samvinnu við Fjölbrautarskóla Suðurlands og hin síðari ár líka í Fangelsinu Kópavogsbraut 17 í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Hins vegar hefur minna farið fyrir skipulegu tómstunda- og umönnunarstarfi, áætlunum á afplánunartíma og eftirmeðhöndlun við losun úr fangelsi.

### *3.2. Erum við á réttri braut?*

Margt hefur verið vel gert til að efla fangavinnu og ber síst að vanþakka það. Kjörorðið, samkvæmt íslenskri hefð, hefur verið á þá leið að vinnan göfgi manninn. Í lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 stendur að í fangelsum *skuli* vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og að fanga beri að vinna þau störf sem honum eru falin og þiggja laun fyrir. Nánar er fjallað um vinnu, nám og dagpeninga afplánunarfanga í reglugerð nr. 409/1998 þar sem meðal annars stendur að fangi skuli stunda vinnu alla virka daga. Bæði í lögunum og reglugerðinni er síðan kveðið á um það að reglubundið nám geti komið í stað vinnuskyldu fanga.[6]

Þrátt fyrir framfarir á þessu sviði læðist stundum að sá grunur að fyrst og fremst hafi verið hlúð að praktískum og fjárhagslegum atriðum hvað þetta varðar. Fangelsisyfirvöldum ber að ná inn ákveðnu hlutfalli sértekna með fangavinnu til að vega upp á móti útgjöldum. Það er líka sjónarmið sem vert er að meta. Hins vegar versnar dæmið ef gengið er út frá því að vinnusjónarmið í fangelsiskerfinu standi öðrum þáttum meðferðar eða meðhöndlunar fyrir þrifum. Að menn nemi staðar í einhverri *vinnuhagsmunaspeki* af því að aðrir kostir eru of dýrir. Það er vissulega rétt að vinna getur verið bæði göfgandi og ánægjuleg, en fyrst og fremst ber að líta á fangavinnu sem réttindi, – lagalegan rétt fanga sem byggir á því samkvæmt lögum að fangelsið skuli sjá föngum fyrir vinnu og föngum beri skylda til að vinna þau verk sem þeir eru settir til. Og geti yfirvöld ekki boðið upp á launaða vinnu í fangelsinu skuli föngum ákvarðaðir dagpeningar. Varasamt er að líta á fangavinnu eða framboð á vinnu í fangelsi sem einhvers konar lækningu eða meðferð. Það að í gegnum fangavinnu öðlist fanginn þjálfun, möguleika á innihaldsríkara lífi og ákveði uppfrá því að brjóta ekki af sér á ný getur alveg gerst og það er ánægjulegur bónus, en ekki er unnt að líta á það sem meðferðarúrræði.

Skynsamleg fangavinna er af hinu góða og nám ekki síður en varast ber að draga of sterkar ályktanir af því hvaða fangar geta unnið og hverjir ekki, hverjir geta stundað nám og hvers vegna. Tilhneigingin vill verða sú að dæma þá aumingja sem ekki ráða við verkefnin sem boðið er upp á og þeir eru þá látnir *liggja inni*. En þessir einstaklingar eru oftast í hvað mestri þörf fyrir meðhöndlun og leiðsögn. Allhátt hlutfall fangahópsins hefur nánast enga venjulega starfsreynslu og dregst til vinnu í fangelsinu með hangandi hendi og litlum ávinningi. Þær spurningar hljóta að vakna hvort þessum aðilum kæmi ekki betur skipulögð leiðsögn eða áætlanagerð (atferlismótun) innan fangelsisins.

Það er síðan kapítuli út af fyrir sig, að þrátt fyrir ákvæði í lögum um vinnuskyldu og að það skuli vera aðstaða til fjölbreyttrar vinnu í fangelsum landsins, hafi hingað til ekki tekist að bjóða upp á nægileg verkefni til að fangar sem geta og þess óska fái að vinna. Og ekki er boðið upp á neitt annað í staðinn. Það er eins og hugsunin hafi staðnæmst, – ef ekki tekst að útvega verkefni til fangavinnu, þá gott og vel, þeir skulu bara hanga inni og glápa á sjónvarpið. Þetta er ótækt en endurspeglar hugsanlega það sem áður sagði. Kannski þykja önnur úrræði of fjárfrek.[7]

## IV. Framtíð

### *4.1. Hvert stefnir og hvers vegna?*

Norski fangavarðaskólinn stóð fyrir kynningu á nýjungum í fangelsisstarfi fyrir nokkrum árum. Þá var prentað á norsku stórum stöfum á stuttermaboli sem gefnir voru þátttakendum: *Ef engu má breyta – breytist ekkert.* Umhugsunarvert slagorð í einfaldleika sínum.

Hvernig verða fangelsi framtíðarinnar? Menn hafa oft velt þessu fyrir sér og kallað fram myndir af rafrænu eftirliti í einhvers konar ofurfangelsum þar sem allt byggist á eftirlitmyndavélum, rafboðum, tölvum og skynjurum. Einhver tæknifígúra í skotheldum turni umkringd tökkum fylgist með hópi fanga gegnum rafeindamyndavélar og getur, með örlítilli hreyfingu, gefið fanga sem óhlýðnast hinu alsjáandi auga rafstuð í viðkvæman stað. Slíkar hugleiðingar birtast jafnt og þétt í kvikmyndum, fjölmiðlum og bókum. Einhvern veginn er það svo að ekki fer mikið fyrir hlut fangavarða í þessum framtíðarspám. Það er eins og gert sé ráð fyrir að tæki og tól leysi þá af hólmi. Kannski tengist þetta óskhyggju stjórnvalda um að finna fljótvirkari refsipólitískar lausnir heldur en fangelsi og fangavist. Það er hin sígilda draumsýn um töfralausn til að lækna glæpahneigð, *„afkriminalisera"* þá sem lenda á refilstigum og losna þannig við himinháan kostnað sem því fylgir að halda úti refsivörslukerfi, fangelsum, sérfræðingum, stjórnendum, fangavörðum og öðrum viðlíka gjaldaliðum. Ein fárra kvikmynda um framtíðarsýn sem stendur uppúr að mati undirritaðs og vekur umhugsun um forgengileik skyndilausna í refsimálum, hvort sem menn eru sammála boðskap hennar eða ekki, er hin frábæra ádeila Stanley Kubrick eftir bók *Anthony Burgess; A Clockwork Orange* sem ætti að vera skyldunámsefni í öllum fangavarðaskólum. Myndin hefur verið endurútgefin á myndbandi og ættu sem flestir að gefa sér tíma til að skoða hana á gagnrýninn hátt. Fangelsisþátturinn er að vísu ekki fyrirferðarmikill en óborganlegur, sem og meðferðin skelfilega til að hemja ofbeldishneigð fangans.[8]

### *4.2. Hér á landi*

Hvað er framundan hjá íslenskum fangavörðum? Hefur verið mörkuð stefna varðandi skipulag starfs þeirra til nánustu framtíðar, til dæmis næstu tíu ára? Í rauninni ekki. Vissulega hefur framtíðin oft verið rædd en þá frekar á svipuðum nótum og gert var 1992, án þess að gert sé ráð fyrir meiriháttar skipulagsbreytingum. En hvaða umskipti er þá verið að tala um hér? Kannski snýst svarið um réttlætingu á tilvist fangavarðastéttarinnar í sífellt hraðskreiðara samfélagi þar sem stöðnun verður helsti óvinurinn.

Hvað hefur staðnað? Hverju er svona mikil þörf á að umbylta? Nú er það svo að mörgum fangavörðum er ekkert vel við allt þetta *fjárans raus* um breytingar og öðruvísi skipulag. Of langar vaktir, vinnu á dauðum tíma og önnur álitamál. Menn hafa látið í sér heyra og eru ósammála þessum *undirróðursmanni* sem sífellt er að agnúast út í vaktakerfið góða og vill breyta breytinganna vegna. *Hann vill umturna því sem hentar mér svo vel,* – segja menn.

En þetta á ekki að snúast um það hvað hentar hverjum starfsmanni. Það er ekki kjarni málsins. Það getur vel verið að fyrirkomulag fangavörslu sem mótað var fyrir 50 árum, þegar allir fangar voru meira og minna lokaðir inni og dagskipunin var að hafa sem minnst samskipti við þá, henti sérstaklega vel einhverjum aðilum í dag. En það hentar ekki skipulagi til framtíðar. Það hentar ekki kerfi sem vill taka upp breytt vinnulag. Það hentar ekki föngum eða aðstandendum þeirra. Það hentar ekki þeirri öru samfélagsþróun sem viðgengst í dag og á eftir að geysast áfram næstu ár. Það hentar ekki samþykktum og sáttmálum sem við erum aðilar að, svo sem vinnutímatilskipun Evrópuráðsins þótt við löfum þar í einhverjum undantekningaákvæðum, – og það hentar ekki til að vinna á markvissan hátt að umbótum innan fangelsanna með það að leiðarljósi að virkja raunverulegt hlutverk starfsmanna. Fyrirkomulagið hentar, ef grannt er skoðað, kannski best yfirvöldum fjármála vegna þess að það kostar færri stöðugildi inni í fangelsunum en ella og lægri raunlaunakostnað fyrir ríkissjóð. Það virðist mega toga laun fangavarða upp með álagi og yfirvinnu en það má ekki fjölga starfsmönnum til að ná utan um verkefnin á eðlilegum vinnutíma og greiða sæmandi laun fyrir þá vinnu.

### *4.3. Hver eru markmið vinnuframlagsins? Hverjum á að að stand reikningsskil?*

Starfsmenn fangelsa eru hluti þess refsivörslukerfis sem heldur utan um einstaklinga sem dæmdir eru eða úrskurðaðir til tímabundinnar fangelsisvistar. Á fundi í Finnlandi flutti sá ágæti fræðimaður og „*generaldirektör*" K.J. Lång, sem lést fyrir nokkrum árum, fyrirlestur um ábyrgð fangelsiskerfisins í samfélaginu. Erindið var fræðandi eins og hans var von og vísa og eftirfarandi upptalning er minnisstæð:

***Gagnvart hverjum berum við ábyrgð?***

*a) Við berum ábyrgð gagnvart föngum og aðstandendum þeirra.*
*b) Við berum ábyrgð, óbeint, gagnvart fórnarlömbum sömu fanga.*
*c) Við berum ábyrgð gagnvart stjórnvöldum og stofnunum samfélagsins.*
*d) Við berum ábyrgð gagnvart samstarfsmönnum.*
*e) Við berum ábyrgð gagnvart almenningi og fjölmiðlum.*[9]

Hver og einn verður að vega og meta hvernig hann axlar þessa ábyrgð og hvernig hann leysir hlutverk sitt af hendi til þess að starf hans nýtist sem best. Ef niðurstaðan felur í sér að starfið eigi eingöngu að felast í því að geyma einstaklinga og taka þá úr umferð þann tíma sem dómur eða úrskurður segir til um, – þá gott og vel. Þá má halda áfram á sama hátt og nú. Það er með tvískipt tólf tíma vaktakerfi, löng frí á milli og litla áherslu á meðferðar- og umönnunarsjónarmið. Ef niðurstaðan verður hins vegar sú að tilgangurinn, samhliða fullnustu refsivistardóms, sé líka að hafa áhrif, draga eins og kostur er úr neikvæðum hliðarverkunum fangelsisvistar og vinna með föngum að skynsamlegri nýtingu refsivistartímans, – þá þarf að breyta áherslum og taka upp markvissari vinnubrögð.

Í framhaldi af þessu má spyrja hver breytingarhvatinn sé. Hvers vegna þarf aðra vinnutilhögun í fangelsunum? Er þetta ekki ágætt eins og það er, má ekki ná árangri við óbreytt skipulag? Því verður hvorki svarað með einföldu já-i eða nei-i. En þegar litið er yfir sviðið, til fortíðar, yfir núverandi stöðu og til líklegrar framtíðar virðist margt benda til þess að komið sé að krossgötum. Hvarvetna í samfélaginu er það sama uppi á teningnum meðal öryggisstétta. Hjá lögreglu, í fangelsisstarfsemi, tollgæslu og meðal starfshópa á lokuðum deildum. Það er verið að endurmeta grunnþættina, sérstaklega með ákveðnar spurningar í huga. Nokkrar þær helstu eru: *Hver er tilgangur starfsins? Hvernig er best að leysa það af hendi með almannahagsmuni í huga? Hvernig má draga úr hættu*

*á skaða af völdum þess? Hver eru réttindi (mannréttindi) gerenda og þolenda? Hagsmuna hverra ber fyrst og fremst að gæta?* Og svo má áfram telja. Ný vinnubrögð hafa verið tekin upp vegna þess að umhverfið og kröfurnar eru allt aðrar í dag en áður fyrr.

Fangelsiskerfið þarf að aðlagast breyttum forsendum hverju sinni. Það á bæði við um yfirstjórn fangelsismála, stjórnendur og starfsmenn fangelsanna. Margt hefur verið gert undanfarin ár sem kallar á frekari umbætur. Nefna má setningu laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 og síðari viðbætur, tilkomu Fangelsismálastofnunar, lagabreytingar og setningu reglugerða, breytingar á meðferð opinberra mála og á gæsluvarðhaldsvist 1992, stjórnsýslulög, uppbyggingu á Litla-Hrauni og Kvíabryggju, Fangelsið Kópavogsbraut, eflingu fangavarðamenntunar, reglugerð um ráðningu og menntun fangavarða, skráningar- og tölvukerfi fangelsisgeirans og fleira.

En uppbygging af öðru tagi hefur setið á hakanum og hún snýst um grundvallaratriði í fangelsisrekstri, – um endurskoðun á starfi fangavarða.

### *4.4. Áhrif frá öðrum Norðurlöndum*

En hvers konar breytingar eru þetta og hvernig á að framkvæma þær? Undanfarin ár hafa starfshættir við fangavörslu verið ofarlega á baugi í nágrannalöndunum. Þar hefur verksvið svonefndra *tilsjónarfangavarða* verið efst á baugi[10]. En hvaðan kemur þetta hugtak og hver eru tildrög þess? Því er til að svara að þetta er vandræðaleg útlegging undirritaðs á danska orðinu *„enhedsfunktionær“* sem í beinni þýðingu er þó fremur *heildarstarfsmaður* (aftur vandræðalegt hugtak). Finna þyrfti heppilegt íslenskt orð sem nær merkingu þess svo vel fari.[11]

Um miðjan níunda áratuginn gerðu Danir átak í fangelsismálum og kynntu til sögunnar 10 ára áætlun, svonefnt **AUF**-kerfi (**A***rbejde*, **U***ndervisning*, **F***ritid* eða vinna, nám, frístund), ásamt fleiri hugmyndum.[12] Þetta vísar til þriggja grunnþátta sem dönsk fangelsisyfirvöld tóku fyrir sem meginþema 10 ára tímabils. Sett var fram kerfisbundin áætlun sem náði til allra þátta danska fangelsiskerfisins og sem hafði fyrir kjölfestu að byggja upp hvað væri æskilegt að fangar hefðu fyrir stafni í fangelsunum meðan á afplánun stæði. Hluti áætlunarinnar snerist um það að framvegis skyldi þjálfa fangaverði ekki aðeins sem verði heldur heildarstarfsmenn *(enhedsfunktionære)*. Heildarstarfsmaður á að hafa umsjón með *sínum* föngum við sem flestar aðstæður, – við vinnu, námsval, tómstundir og fleira og hann á að aðstoða fangana við val á leiðum að settu marki, vera þeim innan handar varðandi erindi, svo sem tengsl við fjölskyldu, leyfi, beiðnir um reynslulausn og annað. En honum ber líka að sinna störfum í fangelsinu sem snúa að öryggismálum og eftirliti. Hann er eftir sem áður fyrst og fremst fangavörður þótt áherslur séu aðrar. Starfsmannastefnunni var breytt á ýmsa lund til að liðka fyrir þessu, svo sem námi í fangavarðaskólanum, þjálfun eldri starfsmanna, ráðningarfyrirkomulagi og reglum. Meðal annars varð það yfirlýst stefna að ráða í fangavarðastöður fólk með iðnmenntun, fjölbreytta starfsreynslu, félagsþroska og samskiptahæfileika. Breyting varð á vinnutíma starfsmanna í fangelsum og komið á nýskipan í stjórnkerfinu. Eldri fangavörðum, sem af einhverjum ástæðum gátu ekki sætt sig við nýjungar, var leyft að halda áfram í hefðbundnu hlutverki en þeir fengu ekki stöðu- eða launahækkanir. Þeir sem gengust undir nýja fyrirkomulagið hækkuðu í launum og vinnuframlag þeirra beindist í æ ríkara mæli að dagvinnutíma. Á þeim 15 árum sem liðin eru frá því að þetta hófst í Danmörku má segja að svipuð kerfi hafi rutt sér til rúms á öðrum Norðurlöndum og angi af þessu hefur borist hingað.[13] Reyndar verður að segja eins og er að ekki hefur allt gengið upp í aðferðafræðinni og auðvitað hefur framkvæmdin slípast með tímanum. Danir hættu til dæmis fyrir nokkrum árum að nota hugtakið *„enhedsfunktionær“* og tóku upp *„fængselsfunktionær“* sem þýða má sem fangelsisstarfsmaður eða leiðbeinandi.

Á Norðurlöndum hefur þróun á þessu sviði orðið örust í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Samt eru áherslur þar mismunandi þó að hugmyndafræðin sé almennt hin sama, – að starf fangavarða færist innar, nær föngunum og til meiri aðstoðar og samskipta.

Svonefndir tengslafangaverðir hafa samskipti við sinn fangahóp, 5 til 6 einstaklinga sem leita til þeirra þegar á þarf að halda. Í Noregi og Svíþjóð hefur hin síðari ár meira borið á þessu starfsheiti *(kontaktbetjent, tengill)* heldur en fangelsisstarfsmaður eða tilsjónarmaður eins og í Danmörku. En grundvöllurinn er hinn sami. Tengill er til staðar virka daga þegar fangelsisstarfið er í fullum gangi og fram til þess að fangar eru lokaður inni á klefum. Tengillinn vinnur ekki störfin fyrir fangana eða stendur sjálfur í að *„redda“* öllum hlutum, heldur veitir hann þeim aðstoð, bendir á leiðir og leiðbeinir. Hann ávítar líka og tekur af skarið ef menn villast af leið. Hlutverk tengils er í megindráttum fjórþætt: Hann sér um aga- og öryggisatriði gagnvart sínum hópi, hann leiðbeinir og hjálpar varðandi refsivistarmál og persónuleg vandræði einstaklinga, hann aðstoðar við nám eða vinnu í fangelsinu og hann sér um skipulagðan frítíma, útivist og annað slíkt. Tengill gengur sjaldan næturvaktir heldur er vinnutíminn sveigjanlegur dagvinnu- eða dagvaktatími.

Framkvæmdin hefur verið mismunandi í löndunum þremur.

**Danir** vilja láta eitt yfir alla ganga. Þeir hafa til dæmis látið starfsmenn fangelsiskerfisins sækja stóran hluta fangavarðanámsins. Annars er stundum erfitt að bera sig saman við danska kerfið, sem er ólíkt okkar að því leyti að hátt hlutfall fanga, nærri 2/3 hlutar, afplánar í opnum fangelsum þar sem lágmarksgæsla er að næturlagi (menn taka örfáar næturvaktir á löngu tímabili). Fangavörðum, sem flestir vinna *bara* venjulegan 8 stunda vinnudag, er meinilla við að þurfa að vinna yfirvinnu. Svipað viðhorf er í Noregi og Svíþjóð.

**Svíar** hafa valið aðra leið. Þar er yfirleitt unnið á dagvöktum eða í dagvinnu en sérstökum hópi starfsmanna falin næturvarsla þegar klefum hefur verið lokað. Þar er í raun um tvenns konar fangelsisstarfsmenn að ræða. Tengla sem vinna dagvinnu eða dag- og kvöldvaktir og næturverði, sem hafa nánast engin afskipti af föngum nema ef neyðarástand skapast. Svíar halda því fram að sumir starfsmenn hafi hæfileika til að verða tenglar, – aðrir geti það ekki. Tenglar eru betur launaðir en næturverðir.

**Norðmenn** vilja ekki að menn hafi val um það hvort þeir séu **A** eða **B** fangaverðir, þ.e. umgangist fanga eða ekki. Útgangspunkturinn hjá þeim er að hvetja og þjálfa allan hópinn til að taka upp nýja starfshætti. Þeir gera sér grein fyrir að þetta gangi misvel, enda íhaldssemi gagnvart breytingum innbyggð í kerfið. En ætlunin er að þetta þokist áfram með góðri leiðsögn og skýrum reglum um starfshætti í fangelsunum.

Að mörgu leyti er hægt að fallast á öll sjónarmiðin. Undirritaður hreifst nokkuð af hugmyndinni um næturverði, lagði það meðal annars til í skýrslu um breytingar á Litla-Hrauni 1995. Hin síðari ár hefur þó áhugi á hugmyndafræði og framkvæmd Norðmanna á sjálfu tenglakerfinu orðið meiri.[14] Samt eru vangaveltur þeirra um **A** eða **B** fangaverði ekki sannfærandi, fremur að það sé af hinu góða að gefa starfsmönnum nokkurt val. Þeim sem ekki vilja starfa sem tenglar á daginn er gefinn kostur á að sækja um næturvörslu, til dæmis ákveðið tímabil. Tengilsstarfið á að krefjast meiri vinnu og þjálfunar þeirra sem það kjósa, vinnudagur þeirra er öðruvísi en næturvarða. Það er því eðlilegt að grunnlaun fyrir dagvinnu séu hærri en í vaktavinnu sem byggist á að borga tilheyrandi álagsgreiðslur vegna vinnutíma.

### *4.5. Norska stefnan*

Norðmenn kalla stefnu sína *tengilsfyrirkomulag* (kontaktbetjentordning) í fangelsum og bæði norska þingið og fangelsisyfirvöld hafa staðfest þetta sem framtíðarskipulag.

Nýlega voru gefnir út greinargóðir bæklingar með leiðbeiningum til starfsmanna um inntak þess og verður stiklað á nokkrum atriðum hér á eftir.[15]

**Tengilskerfið inniheldur:**

- Að sérhver fangi hafi aðgang að ákveðnum tengli meðal starfsmanna.
- Að greinargóð leiðsögn sé aðgengileg um það hvað felist í kerfinu og að bæði starfsmenn og fangar fái reglulega uppfræðslu í því.
- Að vinnureglur og leiðbeiningar um tengilskerfið sem fangelsið fer eftir sé hið sama og viðurkennt er af yfirvöldum fangelsismála.

Í leiðbeiningarreglum yfirvalda stendur meðal annars: *Besta framlagið til eðlilegs ástands í fangelsi er að þar fyrirfinnist virk tengilsstarfsemi. Tengilskerfið er aðferð til að skipuleggja störf við meðhöndlun fanga á þann hátt að ákveðnir fangaverðir sinni tilteknum hópi fanga. Miða skal við að fagleg áhersla sé á þarfir einstaklingsins og að samskipti starfsmanna og fanga séu samræmd og skynsamleg. Tengilskerfið mótar samskipti og umönnun einstaklinga í fangelsi. Vel skipulagt kerfi snertir mikilvægustu hliðar fangelsisstarfsins: Innri öryggismál, vinnumál fanga, rútínustörf og aðstoð við verkefni sem fanginn þarf hjálp til að leysa, ákvarðanir um afplánunarskipulag og um vinnufyrirkomulag starfsmanna (dagvinnu, vaktir ofl.). Fangelsin eiga stöðugt að endurskoða verkáætlanir með það fyrir augum að bæta tengilskerfi sitt.*[16]

Tengillinn stendur fanganum næst ef hann þarf á aðstoð að halda. Fanginn snýr sér fyrst til síns tengils ef hann vanhagar um eitthvað. Þetta virkar einnig í hina áttina, það sem máli skiptir og á erindi til fangans fer í gegnum tengilinn. Áður þurftu fangar og þeir sem erindi áttu við þá að leita til margra aðila eftir því hvert erindið var. Þetta á að heyra sögunni til. Tengillinn afgreiðir málið annað hvort sjálfur eða vísar því til réttra aðila.

**Tengill á að:**

- Samræma vinnuna í kringum fangann.
- Beina ákvarðanatöku (sem snertir fangann) í þann farveg að samstæð vinnubrögð séu í fyrirrúmi.
- Upplýsa fangann um hvernig hann geti nýtt sér vistina.
- Ræða það sem fanginn sækir um (leyfi, færslu milli deilda ofl.) og afgreiða mál sem hann hefur umboð til.
- Hafa áhrif á að fanginn geri sér grein fyrir eigin stöðu og þeim verknaði sem leiddi til fangelsisvistar.
- Hafa áhrif á það að fanginn geri sér grein fyrir vandanum og leggi sig fram við að vinna sig út úr afbrotum og ásókn í vímugjafa.
- Aðstoða við áætlun til að nýta fangavistina sem best.
- Fyrstu fjórir punktarnir lúta að því hvernig tengillinn reynir að hafa áhrif á fastmótuð, reglubundin atriði (aðgerðir á vinnustað), hinir þrír hvernig leitast er við að hafa áhrif á hegðun fangans (ferlimótandi þættir). Þeir koma seinna til sögunnar, eftir vissan reynslutíma. Ferlimótun er flókin og krefst víðtækrar þekkingar og reynslu.

**Tengilskerfið er talið hafa eftirtalda kosti:**

1. Einstaklingsþörf er betur sinnt.
2. Markvissari vinnubrögð.
3. Það dregur úr tækifærum fanga til undanbragða (að hafa slæm áhrif).
4. Öryggismál styrkjast.

5. Hæfni starfsfólks nýtist betur
6. Það dregur úr skaðvænlegum áhrifum fangelsisvistar.

Þessi 6 atriði má rökstyðja á ýmsan hátt en aðeins skal drepið á það helsta:

1. Í stórum fangelsum getur verið undir hælinn lagt hvort fangar fái þá aðstoð sem þeir þurfa. Með skipulögðu tengilskerfi týnist einstaklingurinn síður.
2. Heildstæð skipulagning aðgerða er lykilatriði. Það er mikill munur á góðum ásetningi sem er tilfallandi eða því að virkja markvisst jákvæðar aðgerðir.
3. Upplýsingar til og frá fanga fara í gegnum sama aðila. Það skiptir máli, sérstaklega í stórum fangelsum.
4. Öryggi styrkist vegna fyrirbyggjandi aðgerða, til dæmis vegna aukins trúnaðar. Ekki er átt við hefðbundið ytra öryggi (tæki og tól) heldur innra, sveigjanlega öryggið sem þrífst á persónulegum samskiptum. Hvað þetta varðar ber að leggja áherslu á eftirfarandi:
   - Því greiðlegar sem fanginn horfist í augu við og viðurkennir réttmæti refsingarinnar, því *minni* hætta er á broti.
   - Því betur sem hann skilur innihald frelsisskerðingarinnar, því minni hætta er á broti.

   Hins vegar:
   - Því meiri skaða sem fangelsisvistin leiðir til, því meiri hætta er á að fanginn brjóti af sér.
   - Því oftar sem hann fær á tilfinninguna að fangavistin sé tilgangslaus og ómennsk, því meiri hætta er á broti
5. Vissulega má segja að margir fangaverðir hafi sinnt svipuðum verkefnum og tenglar gera, en skort hefur á stefnumótun og kerfisbundna vinnu.
6. Hin síðari ár hefur verið ofarlega á baugi að samskipti, nálægð og manngildissjónarmið geti haft jákvæð áhrif og hjálpi þeim sem búa við umhverfi sem hefur í för með sér vanlíðan og sálarþyngsli.

Ef tengilskerfið gengur vel styrkist innra öryggi og þar með öryggiskerfi fangelsisins í heild.

Gera verður þá kröfu til starfsmanna fangelsis að þeir þekki vel skjólstæðinga sína og kynni sér aðstæður þeirrra. Nauðsynlegt er að afla vitneskju um núverandi stöðu, afplánunarsögu og hvaða mögleikar eru í boði svo dæmi séu nefnd. Markmiðin þurfa að vera skýr og þau mega ekki vera óraunhæf. Tengill og fangi koma sér saman um hvað gera þurfi svo hægt sé að ná settu marki. Að svo miklu leyti sem unnt er á fanginn sjálfur að bera ábyrgð á framvindu málsins. Í sameiningu, með skipulegum aðgerðum, taka báðir aðilar þátt í því að framfylgja áætluninni. Afplánunaráætlun fyrir fanga er verkfæri til að setja saman verkefnalista, kortleggja stöðu og skilgreina markmið. Slík áætlanagerð er kjörinn vettvangur fyrir samvinnu tengla og fanga.[17]

## V. Skýr markmið

### *5.1. Tvíþætt hlutverk*

Starf fangavarðar felst í að vakta og aðstoða (vörður/stuðningsaðili). Hvort sem talað er um fangavörð af gamla skólanum eða tengil er höfuðatriði að föngum sé gerð grein fyrir þessu tvíþætta hlutverki. Með því að útskýra hvað felst í starfinu og hvað tilheyrir því ekki má útiloka misskilning. Meiri áhersla hefur verið lögð á öryggisvörslu en aðstoð hjá almennum fangavörðum. Starf tengils felst í að veita umhyggju (aðstoða) og aðhald

(draga ákveðin mörk). Segja má að tengill sé fangavörður sem byggir gæslustarfið meira á innra öryggi en ella, á því að umgangast og þekkja sína skjólstæðinga. Flestum er kunnugt um að það getur orsakað innri streitu að vera bæði vörður og stuðningsaðili (huggari) á sama tíma. Góð leiðsögn og það að geta rætt málin við einhvern er afar mikilvægt í fangavörslu sem grundvallast á að tvinna þessa þætti saman. Skoðum nánar hvað átt er við.

**Vörður:** Hefur fyrst og fremst eftirlits- og öryggishlutverk. Starfið felst í að halda föngum í fangelsinu og útiloka þá frá samfélaginu með tryggum hætti. Föngum er gert skiljanlegt að það er hluti starfsskyldna fangavarðar að framkvæma leit, taka þvagprufur og sinna eftirlitsstörfum og leitast við, eftir megni, að skýra tilgang þessara aðgerða. Auk þess er nauðsynlegt að föngum sé ljós tilkynningaskylda fangavarðar, þ.e. ef fangar ógna öryggi á einhvern hátt eða virðast undir annarlegum áhrifum vímugjafa, þá ber fangaverði skylda til að tilkynna atvikið með skýrslu. Gera skal föngum ljóst að ef þarf að skipa þeim fyrir þá verði þeir að hlýða í samræmi við reglur fangelsisins. Fangavörðurinn fer með valdið og ræður. Þrátt fyrir allt tal um aðstoð, umhyggju og annað sem að því snýr er ekki hægt að láta að því liggja að eitthvert jafnræði ríki milli starfsmanns og fanga. Fangelsiskerfið byggir á ójafnræði milli fangavarða og fanga eðli sínu samkvæmt. Sá ræður sem er vörður.

**Stuðningsaðili:** Sumir efast um að það sé hægt að samræma svo vel fari að vera samtímis vörður og huggari. Vissulega er það erfitt, en það er gerlegt og það er áskorun. Það er líka áskorun að vera ábyrgt foreldri svo dæmi sé tekið úr ólíku umhverfi. Börn hafa ríka þörf fyrir umhyggju en jafnframt verður að setja þeim skýr takmörk. Það sem verið er að leita eftir í fari tengils er fagleg umhyggja. Sumir fangar setja jafnaðarmerki milli fangavarðar í einkennisfötum og hins ósveigjanlega, *slæma* kerfis og þeir fá útrás fyrir árásarhneigð sína með reiði í garð fangavarða. En samt er það svo og því má ekki gleyma að margir fangar hafa lent í þeirri aðstöðu að fangavörður var eini *„vinur“* þeirra þegar allt var í rúst og engin leið út úr sortanum. Til að ná tökum á þessum misjöfnu aðstæðum er áríðandi, bæði hvað starfsmanninn og fangann varðar, að ljóst sé við hvaða aðstæður er að eiga. Hlutverk tengils felst í að sinna fangavörslu á faglegan hátt,- sem þýðir að hann beitir þeirri aðferð að vera í varðarhlutverki þegar aðstæður krefjast þess og stuðningsaðili í þjónustuhlutverki þegar það á við. En lykilatriði er að öllum sé frá byrjun kunnugt um þetta tvíþætta hlutverk, því að starfið snýst eftir sem áður um fangavörslu. Áherslubreyting í starfi táknar ekki að tengill afneiti grunnhlutverki sínu, það er ekki hægt að sinna öðru hvoru hlutverkanna eingöngu.

Fangavörður á að ávinna sér traust fanga vegna framgöngu sinnar en jafnframt gera þeim ljóst að hann er ekki félagi þeirra þannig að þeir trúi honum fyrir hlutum sem hann kærir sig ekki um að vita, einhverju sem er óleyfilegt eða ólöglegt. Hann verður að gera skjólstæðingum sínum grein fyrir að honum ber skylda til að tilkynna yfirstjórn um það sem miður fer. Það er gott að vera persónulegur og hlýr í viðmóti, – en að vera vinur eða félagi á sömu nótum og samfangi, það gengur ekki.

## VI. Breytingarferli í fangelsi

### *6.1. Tilgangur og áhrif*

Eitt höfuðmarkmið fangelsisstarfs á að felast í því að stuðla að því að afbrotamaðurinn reyni sjálfur að breyta lífsmynstri sínu til hins betra. Það eykur vægi starfsins og gerir það innihaldsríkara. Stundum hefur borið á ruglingi um það hvert inntak starfsins er eða ætti að vera. Öllum á að vera kunnugt að fangelsi er refsing. Annars væri það ekki til staðar. En inn í umræðuna blandast hugtök eins og meðferð, meðhöndlun, umhyggja,

endurhæfing og breytingarferli. Sum þessara hugtaka heyrast oft, önnur sjaldnar. Lítum nánar á þetta:

***Meðferð:*** Með þessu er oftast átt við það sem sérhæfðir heilbrigðis- og meðferðarfulltrúar sinna, sálfræðingar, geðlæknar og aðrir.

***Meðhöndlun/umhyggja:*** Þetta á við um það sem starfsmenn fangelsa eiga að vinna að með föngum og gengur út á að hafa áhrif til góðs. Þá er reynt að meðhöndla fangann á ákveðinn hátt til að kalla fram breytt viðhorf. Þetta á einnig við um áætlanir (prógröm) á vistunartíma.

***Endurhæfing:*** Þetta hugtak fellur ekki að þeirri vinnu sem fram fer í fangelsi. Til hvaða lífsmynsturs á að *endurhæfa* fangann? Til þess sem hann hrærðist í áður en hann lenti inni, þegar hann var hugsanlega á kafi í rugli?

***Breytingarferli:*** Hugtak sem hentar vel fyrir samvinnu tengils og fanga. Gert er ráð fyrir ákveðinni framvindu og að fanginn sýni ábyrga hegðun og vinni sjálfur í sínum málum undir leiðsögn. Breytingarferlið getur hafist í fangelsinu og síðan náð til opinnar stofnunar og haldið áfram eftir að fanginn er laus. Stefnan er sett inni í fangelsinu og takmarkinu svo náð síðar, en forsendan er að vekja fangann til vitundar um möguleika sem í boði eru. Það krefst tíma og hæfileika til mannlegra samskipta. Breytingarferli er það hugtak sem virðist falla best að kerfisbundnu samstarfi milli starfsmanna og fanga. Markmið sem fanganum er sett í upphafi er að komast skref fyrir skref nær ábyrgri og vímulausri tilveru.

